



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 30. júlí 2008 – 31. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Tímavél
 Upprifjun á ráðum Tryggva Þórs



12



Jarðvarmi
 Forskot Íslendinga að hverfa

Laxveiði
 Dýrustu ár landsins



14

Hagnast þrátt fyrir hallæri

Landsbanki Íslands hagnaðist um 12 milljarða króna eftir skatta á öðrum ársfjórðungi. „Afkoma Landsbankans á fyrstu 6 mánuðum ársins er mjög góð. Þetta er mikilvægt, ekki síst í ljósi erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans. Hagnaðurinn er svipaður og á sama ársfjórðungi í fyrra. Afkoman er í samræmi við spár greiningardeilda sem gerðu ráð fyrir 10 til 12 milljarða hagnaði á tímabilinu.

Mikill vöxtur hefur verið í Ice-save innlánsreikningum Landsbankans sem starfræktir eru meðal annars í Bretlandi og Hollandi. Sigurjón segir að alls hafi 200 þúsund viðskiptavinir bæst í hópinn á þessu ári og séu nú um 350 þúsund. Um 60 prósent af tekjum Landsbankans koma erlendis frá, þar af 34 prósent frá Bretlandi.

- bpa / sjá síðu 2

TrackWell

Tíma- og verkskráning
 Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

HELST Í ÚTLÖNDUM

Eins árs Lánsfjárekreppan er eins árs um þessar mundir og ekkert bendir til að hún sé að minnka. Samkvæmt nýrri skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa bankar nú þegar afskrifað um 500 milljarða dala en sjóðurinn gerir ráð fyrir að þeir muni tapa alls um þúsund milljörðum.

Til bjargar Bandaríska þingið samþykkti lagafrumvarp til þess að koma fjármálasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac til bjargar. Sjóður upp á 300 milljarða dollara verður settur á laggirnar til þess að koma þeim sem eiga mikið veðsett- ar eignir til bjargar.

Vogun tapar Útkoma vogunarsjóða eftir júlímánuð gæti orðið sú versta í fimm ár í kjölfar þess að spár um þróun hlutabréfamarkaðarins og hráolíuverðs reyndust byggðar á sandi. Spár um lækkan hlutabréfa brugðust þegar hlutabréf í Fannie Mae og Freddie Mac meira en tvöfölduðust í verði á sex dögum.



Ekki „happy meal“ leyfishafar McDonald's í Noregi höfðuðu mál gegn höfuðstöðvum keðjunnar í Bandaríkjunum vegna þvingunar á greiðslu viðhalds og svimandi hárra tryggingarupphæða.

Dýr dropi heimsmarkaðsverð á olíu fer hækkandi eftir að það náði sjö vikna lágmarki um helgina þegar verð á tunnu fór niður fyrir 123 dollara. Árásir uppreisnarmanna í Nígíeríu valda þessari hækkun.

Vanskil aukast og innheimta erfiðari

Fleiri kröfur fara í innheimtu til lögfræðinga. Stór fyrirtæki eru í vanda vegna þess hve innheimtuhlutfall hefur lækkað.

Guðný Helga Herbertsdóttir
 skrifar

„Það er ekkert leyndarmál að innheimta er erfiðari en áður. Það er miklu meira um að menn þurfi að semja um frest og kröfum fjölgar sem eru sendar til lögfræðings,“ segir Anna Sigríður Jóhannsdóttir, sviðsstjóri greiðendabjónustu Intrum. Davíð Benedikt Gíslason, framkvæmdastjóri Momentum, segir að áþreifanlegust séu vanskil stærri fyrirtækja. „Við erum að sjá dæmi að fyrirtæki sem ekki hafa áður verið í lausafjándræðum eru komin í vanskil. Áður fyrr höfðu menn ekkert sérstakar áhyggjur þó að greiðslur drægust í einn til fjóra mánuði en nú er farið að herða á innheimtuferlum því fyrirtækin eru jafnvel sjálf í vanskilum. Peningarnir verða að koma hraðar inn.“ Róðurinn er að þyngjast hjá fyrirtækjum sem hefur gert það að verkum að innheimta hefur reynst erfiðari en áður. Slíkt hefur keðjuverkandi áhrif og nú virðist sem mörg fyrir-

tæki séu komin í vanda vegna lágs innheimtuhlutfalls og lausafjárskorts. „Við höfum orðið vör við að greiðslustaða fyrirtækja hafi breyst á undanföllum vikum og mánuðum þannig að fyrirtæki hafi verið að lengja greiðslufrest til sinna birgja. Hvort það sé tímabundið ástand eða hversu lengi það varir er ómögulegt um að segja segir Ágúst Jóhannesson, yfirmaður fyrirtækjasviðs KMPG. Þróunin hefur verið hröð og tala flestir um að vanskil hafi farið stígvaxandi frá áramótum, en hafi þó vaxið mest frá því í vor. Kröfur sem höfðu eindaga í júní fara að öllu jöfnu í innheimtu hjá lögfræðingum eftir verslunarmannahelgina. Það má því gera ráð fyrir að róðurinn eigi enn eftir að þyngjast með haustinu og að gjaldþrotum muni fjölga. Davíð telur að haustið verði erfitt fyrir fólkid í landinu: „Fólk sem hefur misst vinnuna, hefur velt sér áfram á yfirdráttum, sem getur ekki selt eignina sína og er jafnvel búid að veðsetja allt sitt, vandræði þeirra eiga eftir að aukast hratt í kjölfar fyrirtækjanna.“

Kalla eftir stjórn málaforystunni

Á tímum þjóðarsáttarinnar drógu samtök atvinnulífsins vagninn í nauðsynlegum umbótum. Núna er þjóðlífið breytt og aðrir þurfa að leiða umbætur.

„Núna stendur krafan á stjórnámálameinnum að hafa forystu um að móta sýn um það, hvernig við komumst aftur á fast land og getum hafið uppbyggingu á ný,“ segir Þórarinn V. Þórarinnsson, lögfræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Rætt er við hann og Ara Skúla- son hagfræðing, sem áður var hjá Alþýðusambandi Íslands, í Markaðnum í dag um hvort byggja megi á reynslu þjóðarsáttarinnar árið 1990 í efnahagsum- róti dagsins í dag.

Þeir segja ljóst að nauðsynlegar umbætur geti orðið um margt sársaukafullar, svo sem á vettvangi fjármála ríkis og sveitarfélaga. „Svo verða ríki og borg að taka höndum saman um sóknarsýn í orku- málum. Ekki gengur lengur að menn tali þar út og suður,“ segir Þórarinn.

Ari bendir á að stjórnarmeirihlutinn sé ríflur og því ætti allir möguleikar að vera á því að hægt sé að ná utan um stöðuna sem uppi er í efnahags- málum.

Hann segir jafnframt ljóst að endurskoða þurfi hér stefnuna í ljósi undangenginnar reynslu. „Upp á síðkastið hefur til dæmis komið í ljós að margt af því sem við töldum okkar helstu styrkleika, líkt og sveigjanleiki og svo framvegis, reynist kannski bara veikleiki og við þurfum að sammælast um á hvað við ætlum að leggja áherslu.“

Þórarinn segir jafnframt reynsluna sýna að krón- an sé of lítil til að þjóna hagsmunum fyrirtækja, einstaklinga og jafnvel ríkisins. „Um þetta deila menn í raun og veru ekki lengur.“

- óká / Sjá miðopnu

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK, GBP, DKK, USD, EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingar- sjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluadili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjár- festingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingar- heimildir sjóðanna, visast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingum sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-0,1%	-0,4%
Atorka	-2,8%	-44,8%
Bakkavör	-1,4%	-57,3%
Exista	-5,6%	-69,1%
Glitnir	-2,3%	-32,6%
Eimskipafélagið	-0,4%	-59,1%
Icelandair	1,5%	-39,3%
Kaupþing	0,6%	-17,4%
Landsbankinn	-3,0%	-36,9%
Marel	-1,5%	-17,2%
SPRON	0,3%	-67,0%
Straumur	-1,5%	-38,7%
Teymi	1,3%	-74,4%
Össur	-1,2%	-14,2%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll á mánudag.

Hagnaður Össurar þrefaldast á milli ára

Hagnaður Össurar á öðrum ársfjórðungi var 3,95 milljónir dollara eða tæplega 320 milljónir króna. Þetta er töluvert undir væntingum greiningardeilda en meðalspá þeirra var að Össur myndi skila 5,8 milljón dollara hagnaði á fjórðungnum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir í samtali við Markaðinn, að greiningaraðilar hafi ekki tekið tillit til þess að búið sé að lækka tekjuskattshlutfallið hér á Íslandi og í Þýskalandi. „Því þurfti að gjaldfæra hluta af eignfærðu skattalegu hagræði í báðum þessum löndum,“ segir

Jón. Hagnaður hafi því ekki orðið jafn mikill og greiningaraðilar höfðu gert ráð fyrir.

Þetta er þó næstum þrisvar sinnum meiri hagnaður en var á öðrum ársfjórðungi 2007 sem þá var 1,5 milljónir dollara.

Jón segir að erfitt rekstrar- umhverfi hér- lendis um þess þessar mundir komi ekki sér- staklega niður á rekstri Össurar. „Hins vegar eru erlendir hluthaf-

ar félagsins ekki ánægðir með ástandið á krónuni,“ segir hann.

Hann segir engar uppsagnir fyrirhugaðar hjá félaginu vegna núverandi efnahagsástands. „Við lítum björtum augum fram á veginn. Það eru mikil hagræðingar- og sóknartækifæri og horfurnar eru góðar,“ segir Jón.

Sala félagsins á öðrum ársfjórðungi nam 92,9 milljónum dollara eða sem nemur 7,4



JÓN SIGURÐSSON

milljörðum íslenskra króna. Það er sex prósentu aukning í samantali við annan ársfjórðung 2007. Jákvað gengisáhrif hafa sölu- vöxt sem dróst saman um eitt prósent. Helstu áherslur Össurar á árinu 2008 er að auka arðsemi og segir félagið að það hafi tekið þrátt fyrir slaka sölu á öðrum ársfjórðungi.

- as

HAGNAÐUR ÖSSURAR:

2. ársfj. 2008	3,95 millj. USD
2. ársfj. 2007	1,48 millj. USD
1. ársfj. 2008	6,68 millj. USD
Meðalspá greiningardeilda um hagnað:	
2. ársfj. 2008	5,8 millj. USD
Frávík frá meðalspá:	32 prósent

Fyrirspurnir en engar umsóknir enn

„Við höfum fengið fyrirspurnir en engar umsóknir hafa borist,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóds um nýjan lánaflokk Íbúðalánasjóds.

Umsóknarfrestur rennur út 6. ágúst. Guðmundur býst ekki við því að umsóknir berist fyrr en í lok vikunnar eða byrjun þeirrar næstu.

Nýi lánaflokkurinn á að auðvelda fjármálastofnunum aðgengi að lausafé og uppfylla þörf eftir skammtíma endurfjármögnun á íbúðalánunum fjármálastofnana. Greining Glitnis telur að lána- flokkurinn gagnist mest smærri fjármálastofnunum sem hafa ekki burði til að gefa út sérvarin skuldabréf til þess að fjármagna útlán vegna húsnæðiskaupa.

Íbúðalánasjóði er heimil að lána að hámarki 30 milljarða króna. Hver umsækjandi á rétt á 1,5 milljörðum króna að lág-



NÝR LÁNAFLOKKUR ÍBÚÐALÁNA- SJÓDS „Engar umsóknir enn,“ segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóds. MARKAÐURINN/RÓBERT

marki. Íbúðalánasjóður afhendir íbúðabréf til þriggja mánaða gegn skuldabréfi með tryggingu í undirliggjandi fasteignaveðbréfum.

Fjármálastofnanir geta notað skuldabréfin í viðskiptum við Seðlabankann í skiptum fyrir lausafé.

- bpa

Kaupa ekki Ræsi

Ekkert verður af fyrirhuguðum kaupum HIG á Ræsi hf. Þetta staðfesti starfsmaður Íshluta í samtali við Vísi. Íshlutir reka meðal annars Vélval, Vélafli og Íshluti.

Markaðurinn greindi frá því fyrir tveimur vikum að lögð hefðu verið drög að kaupnum. „Þetta er frágengið með ákveðnum fyrirvörum,“ sagði Hjálmar Helgason, framkvæmdastjóri og eigandi Íshluta, við Markaðinn þann 17. júlí.

Ræsi hf. var stofnað 1942 og hefur um árabíl meðal annars flutt inn Mercedes-Benz bifreið-



SÖMU EIGENDUR Fyrirhuguð kaup HIG á Ræsi hafa fallið niður. HIG rekur meðal annars Íshluti, Vélafli og Vélval. MARKAÐURINN/PIJETUR

ar. Á seinasta ári tók fyrirtækið í notkun nýtt húsnæði að Krók- hálsi undir starfsemi sína. - bpa

Landsbanki hagnast um tólf milljarða

Hagnaður Landsbanka Íslands á öðrum ársfjórðungi er í samræmi við spár. Gengishagnaður 7,5 milljarðar króna.

Björn Þór Arnason
skrifar

Landsbanki Íslands hagnaðist um 12 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi eftir skatta. Afkoman er ívið yfir spám greiningardeilda sem gerðu ráð fyrir 9,9 og 11,6 milljarða króna hagnaði. Hagnaðurinn á öðrum ársfjórðungi 2007 nam 12,5 milljörðum króna og er því hagnaður bankans svipaður þrátt fyrir versnandi efnahagsaðstæður.

„Afkoma Landsbankans á fyrstu sex mánuðum ársins er mjög góð. Þetta er mikilvægt, ekki síst í ljósi erfiðra aðstæðna á alþjóðlegum fjármála- mörkuðum,“ segir Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans.

Um 60 prósent af tekjum Landsbankans koma er- lendis frá, þar af 34 prósent frá Bretlandi. Má rekja þetta að nokkru leyti til vaxandi innistæðu á Icesave sparifjárreikningunum. Mikill vöxtur hefur verið í Icesave-reikningum Lands- bankans. Til stendur að opna reikn- inga í fleiri löndum. Ekki er gefið upp hvar og hvenær af því verður. Sigurjón segir að 200 þúsund viðskiptavinir hafi bæst í hópinn á þessu ári og þeir séu í dag um 350 þúsund

Spurður um fjármögnun bankans segir Sigur- jón bankann vel fjármagnaðan næstu tólf mánuði. Icesave vegi nokkuð þungt í fjármögnun bankans eða um 20 prósent af heildarfjármögnun. Hann segir möguleika til fjármögnunar ágæta og bendir á að hægt væri að leita til Englandsbanka með þau íbúðalán sem bankinn hefur lánað í Bretlandi. Auk þess sé möguleiki að leita til Íbúðalánasjóds eftir fjármögnun í samræmi við nýjan lánaflokk sem nýlega var kynntur. Sigurjón segir hvort tveggja möguleika en engin ákvörðun tekin enn um hvort þeir verða nýttir.

Sigurjón segir óvíst hvort afskriftir muni auk- ast en telur núverandi afskriftir umtalsverðar. Af-



SKILUÐU TÓLF MILLJARÐA HAGNAÐI Sigurjón Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir Icesave samantanda af 20 pró- sentum af heildarfjármögnun bankans. MARKAÐURINN/CVA

skriftir Landsbankans námu um sjö milljörðum á öðrum fjórðungi. Hann bendir á að ef afskriftir væru jafn miklar á ársgrundvelli þá næmu þær um einu prósent af útlánnum bankans.

Spurður hvort komi til fjölda- uppsagna í haust segir Sigurjón að bankinn starfi ekki með þeim hætti. Sigurjón benti þó á það á kynningarfundum um uppgjörið að launakostnaður stæði í stað milli fjórðunga og þegar um helmingur allra launa er greiddur í evrum þá hafi launagreiðslur og bónus dregist að einhverju leyti saman.

Spurður um gengishagnað vegna gjalddeyrisstöðu bankans segir hann ekki lyklatríði í uppgjörinu en hann nam um 7,5 milljörðum á öðrum ársfjórðungi. Fyrir ári var gengistap hjá Landsbankanum að and- virði 0,3 milljarða. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 nam gengishagnaður hins vegar um 24,5 milljörðum. Gengishagnaður er því ekki jafn stór hluti af hagn- aði bankans og á fyrsta ársfjórðungi en þó umtals- verður samantalið við sama ársfjórðung fyrir ári. Hann bendir á að töluverður kostnaður felist í því að halda gjalddeyrisforða til að verja sig en það sé nauðsynlegt til að verja eigið fé bankans.

Listmunauppboð

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppboð

• • •

Af gefnu tilefni tökum við fram að við vitum ekki annað en að sölubókun sé lægst hjá okkur. Ennfremur að við höfum aldrei selt fölsuð verk eða afhent falsaðar eigendasögur.



Johannes S. Klarval

Opið laugardaga í Gallerí Fold, Rauðarárstíg kl. 11–14, lokað á sunnudögum í sumar

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

LISTMUNASALA
fold

FORESTER

SYMMETRICAL AWD



SUBARU



YFIRBURÐA BÍLL

Fjór hjóladrifinn Subaru Forester er enginn venjulegur bíll. Hann hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtskulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir að einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Beinskiptur:


3.590.000 kr.

Sjálfskiptur frá:

3.790.000 kr.

Sjálfvirk hleðslujöfnun

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjórðum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdardreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.



ÖFLUG ÞJÓNUSTA UM LAND ALLT

Komdu við á einum af eftirtöldum stöðum á landinu og kynntu þér nýjan og glæsilegan Subaru Forester. Forester er frábær sportjeppi sem stendur undir væntingum við íslenskar aðstæður. Kynntu þér Forester, fáðu bækling, skoðaðu gripinn í krók og kima og þrúfukeyrðu.

Þjóðum upp á reynsluakstur á eftirtöldum stöðum.

Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON

Samdráttur í Finnlandi

Tíu prósent samdráttur hefur orðið á finnskum fasteignamarkaði frá því fyrir ári síðan. Þetta kemur fram í tölum frá fasteignasölufrýrtækinu Kiinteistömailma sem finnska dagblaðið Tauloussanommat fjallar um í dag.

Lengri tíma tekur að selja húsnæði en áður, en fasteignasalar sem blaðið ræðir við segja að meðalsölutími fasteigna sé nú 62 dagar sem er fjórum dögum lengra en í fyrra. Fasteignaverð í Finnlandi hefur ekkert fallið það sem af er árinu. -msh

Aukin svartnýni finnskra neytenda

Finnskir neytendur hafa ekki verið svartnýni í átján ár. Heldur bjartara er yfir Bandaríkjamönnum.

Finnskir neytendur hafa ekki verið svartnýni síðan 1990. Þetta kemur fram í tölum sem finnska hagstofan birti í gær. Einungis tólf prósent Finna telja að ástand efnahagsmála eigi eftir að batna á næsta ári en 49 prósent töldu ástandið eiga eftir að versna.

Vísitala væntinga neytenda mældist 6,5 í júlí, en mældist 10,2 í júní og 11,1 í maí. Meðaltal vísitalunnar frá upphafi er 13,8 stig.

Fyrir helgi bárust þær fréttir frá Bandaríkjunum að neytendur þar í landi hefðu verið ögn bjart-

sýni í júlí en í júní. Væntingavísitala sem Ríkisháskóli Michigan gefur út „stökk“ úr 56,4 stigum í júní í 61,2 stig í júlí. Þessum fréttum var tekið fagnandi, því greiningardeildir höfðu spáð því að væntingar neytenda myndu halda áfram að falla í júlí.

Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir Richard Curtin, sem hefur umsjón með gerð vísitalunnar, að samt sé ástæða til að taka þessum tölum með ákveðnum fyrirvara: „Líklega er hér um að ræða svokallað „dead cat bounce“,



FYRIR UTAN VÖRUHÚSIÐ STOCKMANN Finnskir neytendur hafa ekki verið svartnýni síðan 1990. AFP/MARKAÐURINN

fyrirbæri sem við höfum margoft séð síðustu fimmtíu ár: Vísitalan tekur skammvinnan kipp upp á

við eftir langt fall, en heldur áfram að falla í næstu mælingu“. -msh

Sameining flugfélaga

Flugfélögin British Airways og spænska flugfélagið Iberia tilkynntu í gær að viðræður væru í gangi um hugsanlega sameiningu félöguna.

Willie Walsh, framkvæmdastjóri British Airways, segir í sameinglegri fréttatilkynningu frá félögum að landslag flugfélaga sé að breytast og sameiningar flugfélaga séu löngu tímabærar. Sameining sé góður kostur við núverandi efnahagsaðstæður þar sem nauðsynlegt sé að hagræða í rekstri. Fernando Conte, framkvæmdastjóri Iberia, segir að sameining gæti verið góð fyrir bæði félögin.



VIÐRÆÐUR UM SAMEINGU Viðræður standa yfir um að sameina British Airways og spænska flugfélagið Iberia.

Þau hafa unnið saman í tíu ár British Airways keypti árið 1999 níu prósent hlut í Iberia og auk nýlega við hlut sinn í 13,5 prósent. Iberia á einnig tæp fimm prósent í British Airways. -bpa

Botn ekki í sjónmáli

„Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir eru eftir sem áður viðkvæmir og merki um kerfisbundinn óstöðugleika eru áfram mjög skýr.“ Þetta kemur meðal annars fram í skýrslu sem Alþjóða gjaldveyrissjóðurinn (IMF) birti á mánudag.

Sjóðurinn telur að ekki sé hægt að binda endi á lánsfjákræppuna nema fasteignamarkaðurinn í Bandaríkjunum rétti úr kútnum, en það sé enn langt undan: „Botninn ekki enn í sjónmáli á húsnæðismarkaðnum.“

Á þriðjudag voru birtar tölur um þróun fasteignaverðs í maí, en samkvæmt þeim hefur verið fallið um 15,8 prósent síðasta ár, sem er mesta verðfall síðan mælingar hófust. Þar með hafa verðhækkningar síðustu fjögurra ára gengið til baka. Greiningardeildir hafa þó bent á að dregið hafi úr verðfalli milli mánaða. Verð féll um 0,9 prósent í maí, en í apríl féll það verð um 1,4 prósent.

Alþjóða gjaldveyrissjóðurinn hrósar Bandaríska seðlabankanum fyrir að hafa varið bandaríska fjármálakerfið hrúni. Sjóðurinn bendir sérstaklega á aðgerðir til að bjarga fasteignalána-



VERÐHÆKKANIR GENGNAR TIL BAKA Hrun fasteignaverðs hefur verið mest í Las Vegas. Þar hefur verið fallið um 28,4 prósent á einu ári. MARKAÐURINN /AFP

sjóðnum Fannie Mae og Freddie Mac, en sökum þess hversu útbreidd skuldabréf þeirra eru hefði greiðslubrot sjóðanna haft alvarlegar afleiðingar fyrir traust fjárfesta um allan heim. Ekki sé þó nóg að bjarga sjóðnum, því endurskoða þurfi starfsemi þeirra og herða með þeim eftirlit.

Alþjóða gjaldveyrissjóðurinn varar einnig við því að lánsfjákræppan muni verða til þess að fjármálastofnanir þurfi að draga úr öllum útlánum sem muni valda enn frekari samdrætti í atvinnustarfsemi. Samkvæmt athugun Bandaríska seðlabankans hafa 55 prósent banka þegar dregið úr lánum til fyrirtækja. -msh

Hörð gagnrýni á SMS lán í Skandinavíu

Talsmenn neytenda á Norðurlöndum segja SMS-lánafyrirtæki stunda okurlánastarfsemi. Folkia, sem er að hluta í eigu Íslendinga, er langstærst á þessum markaði.

Magnús Sveinn Helgason
skrifar

Svokölluð „SMS-lán“ hafa sætt harðri gagnrýni af hálfu talsmanna neytenda í Svíþjóð sem segja að ungt fólk gæti sín ekki á lánskjörom og geti iðulega ekki greitt lán sín, enda séu vextir af þeim svimandi háir, allt að 1.600 prósent á ársgrundvelli. Samkvæmt heimasíðu Folkia, sem er að hluta til í eigu Íslendinga, þarf lántakandi að greiða 5.000 króna lántökugjald af 40.000 króna láni til 30 daga. Það samsvarar 311 prósent vöxtum á ársgrundvelli.

Viðskiptavinir sækja um lán með SMS skilaboðum eða af heimasíðum fyrirtækjanna sem millifæra allt að 40.000 krónur inn á reikning lántakanda. Hörð afgreiðsla og ágangur auglýsingar fyrirtækjanna hafa sætt gagnrýni.

„Vanskilin byrjuðu að streyma inn strax eftir að þessi starfsemi byrjaði fyrir tveimur árum. Samkvæmt athugun okkar voru flestir sem lentu í vanskilum á aldrinum 18 til 25 ára, og margir voru með fjölda vanskila á bakinu,“ segir Kent Lindholtz hjá Kronofogden, innheimtustofnun sænska ríkisins, í viðtali við Markaðinn.

Lindholtz segir athuganir sýna að fólk taki SMS-lán til að standa straum af daglegum útgjöldum, en jafnvel til að borga spilaskuldir: „Í fyrstu var markaðssetning félöguna mjög ágang og fólk gat tekið lán seint á kvöldin en því hefur sem betur fer verið breytt.“

Framan af voru það á þriðja tug fyrirtækja sem kepptust um markaðinn. „Fyrir kom að fólk tók út tíu lán og gat ekki borgað neitt þeirra. Það var augljóst að margir lántakenda voru ekki borgunarmenn og hefðu aldrei átt að fá lán.“

Hörður Bender, stjórnarformaður og stofnandi Folkia segir að fyrirtækið hafi barist fyrir strangari reglum um þennan markað. „Enginn vill það frekar en við að strangari reglur verði settar um smálánastarfsemi.“ Hörður segir vanskil mjög lítil, einungis 1,7 prósent.



STOKKHÓLMUR Í Svíþjóð hafa smálánafyrirtæki verið sett undir einn hatt í neikvæðri umræðu. Folkia, sem er að hluta í íslenski eigu, hefur þó tekið upp strangari reglur í útlánnum en önnur samþæring fyrirtækja.

Hafliði Helgason, sem er framkvæmdastjóri hjá Sjávarsýn, eignarhaldsfélagi Bjarna Ármannssonar, sem er meðal hluthafa í félaginu, segir gagnrýni á Folkia og starfsemi þess ósanngjarna. „Í Svíþjóð hefur verið ákveðin tilhneiging til að setja þessi fyrirtæki öll undir einn hatt, en við gerum mun strangari kröfur til viðskiptavina okkar en önnur félög.“ Afgreiðsla Folkia lokar klukkan átta á kvöldin og lán eru ekki afgreidd á klukkutíma eins og hjá öðrum smálánafyrirtækjum. Þá er lágmarksaldur lántakenda 20 ár hjá Folkia en 18 ár hjá öðrum fyrirtækjum. Hafliði segir að Folkia hafi unnið með stjórnvöldum að því að setja strangari lög um starfsemi.

Þá bendir Hafliði á að Svíar þekki ekki yfirdráttarlán líkt og tíðkast hér og að Norðurlöndunum sé annað viðhorf til lánsfjár. Þannig yrði uppi fótur og fit ef fréttist að unglingar fengju 200.000 krónur í yfirdrátt í banka.

Lífeyrissjóðir innleysa gengishagnað

Björn Þór Arnarson
skrifar

„Gengislækkunin hefur skapað sjóðnum sóknarfæri og við höfum selt töluvert af erlendum verðbréfum lífeyrissjóðsins á liðnum vikum til kaupa á innlendum verðbréfum,“ segir Guðmundur Þórhallsson, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Krónan hefur veikt um 27,4 prósent frá áramótum og hafa erlendar eignir því aukist en á móti kemur lækkun á hlutabréfum á erlendum mörkuðum. Hagkvæmt getur verið fyrir lífeyrissjóðina að selja erlendar eignir til að innleysa gengishagnað af erlendum hlutabréfum þegar krónan er veik.

„Á sama tíma og útlit er óvíst á erlend-

um mörkuðum og íslenska krónan í sögulegu lágmarki og vaxtastig innanlands hátt hafa skapað aðstæður til eignatilfærslu,“ segir Guðmundur.

Ljóst er að um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða. Erlendar eignir Lífeyrissjóðs verslunarmanna námu 84 milljörðum í árslok. Líklegt má telja að sala á eignum nemi nokkrum milljörðum króna og hugsanlega tugum milljarða króna.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, tekur í sama streng. „Við höfum í einhverjum mæli, þá frekar smáum, verið að selja erlendar eignir,“ segir Haukur. Í árslok námu erlendar eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um 26,8 prósent af eignum sjóðsins og voru metnar á um 102 milljarða króna.



HAFU SELT ERLENDAR EIGNIR Í EINHVERJUM MÆLI Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segir að þrátt fyrir sölu á erlendum eignum sé hlutfall þeirra svipað í eignasafni sjóðsins. MARKAÐURINN/VALLI

Haukur segir að sjóðurinn hafi einungis selt erlendar eignir á þessu ári og engar

keypt. Hann segir að þrátt fyrir það hafi hlutfall erlendra eigna af heildareignum sjóðsins haldist svipað vegna veikingar krónunnar. Haukur bendir þó á að sjóðurinn hafi stýrt gjaldveyrissáttu með framvirkum gjaldveyrissamningum og hafi tekið eignir heim í frekar litlum mæli.

Ljóst er að ef hlutfall erlendra eigna hefur haldist óbreytt þrátt fyrir að innlend hlutabréf hafi fallið meira en erlend hlutabréf þá má áætla að um umtalsverðar fjárhæðir sé að ræða. Ekki er því ólíklegt að Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna hafi selt erlendar eignir fyrir um fimm til tíu milljarða.

Guðmundur Bergþórsson hjá eignastýringu Lífeyrissjóðsins Gildis segir að sjóðurinn hafi ekki verið að selja erlendar eignir til að taka gengishagnaðinn.

RÍKIÐ - HEFST 22. ÁGÚST Á STÖÐ 2

NÝ DREPFYNDIN GAMANÞÁTTARÖÐ

FRÁ HINUM SÖMU OG GERÐU FÓSTBRÆÐUR, SVÍNASÚPUNA OG STELPURNAR



KYNNTU ÞÉR
VETRARDAGSKRÁ
STÖÐVAR 2 Á
STOD2.IS

SVEPPI - AUDDI - ÞORSTEINN BACHMANN - ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR

HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR - EGGERT ÞORLEIFSSON - BENEDIKT ERLINGSSON - VÍKINGUR KRISTJÁNSSON
VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON - INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR - JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON - KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR
LEIKSTJÓRI - SILJA HAUKSDÓTTIR

Augun opnast fyrir jarðvarmanum – og veskin með

Mikill áhugi á jarðvarmaráðstefnu í New York á dögnum þykir til marks um að jarðvarminn sé loks að brjóta sér leið upp á yfirborðið. Markmiðið var að fræða fjármálaheiminn um jarðvarma og kveikja áhuga. Forskot Íslands er að hverfa, segir forsetinn. Stígur Helgason sótti ráðstefnuna og heyrði marga ræðumenn gagnrýna stjórnvöld vestra fyrir takmarkaðan samstarfsvilja.

Jarðvarmi er framtíðin. Þetta var samdóma álit nær allra gesta á fjölsóttari ráðstefnu Jarðhitasambands Bandaríkjanna, sem fram fór í New York fyrir rétttri viku. Vel á annað hundrað fulltrúa fjárfesta, fjölmiðla og fyrirtækja í jarðvarmageiranum sóttu ráðstefnuna – fleiri en nokkru sinni fyrr ráðstefnu af þessu tagi. Til viðbótar voru á fimmta hundrað manns skráðir í vefútsendingu frá viðburðinum.

Þessi áhugi er sagður til marks um að augu fjármálaálífsins, sem og almennings, séu loks að opnast til fulls fyrir möguleikum á sviði jarðvarmanýtingar.


NÁMSKEIÐ FYRIR PENINGAMENN Yfirskrift ráðstefnunnar var Jarðvarmi 101 – Heitasta hreina orkulindin, með vísan í yfirlýstun tilgang hennar, sem var að uppfæra viðskiptalífið um eðli jarðvarma og nýtingarmöguleika hans, einkum í Bandaríkjunum. Helstu styrktaraðilar ráðstefnunnar voru Glitnir, sem er viðlöðandi jarðvarmaverkefni um víða veröld, og Ormat, eitt helsta orkufyrirtæki heims á sviði jarðvarma.

Í hlutverki uppfæra voru fjórtán sérfræðingar í geiranum, forstjórar fyrirtækja og aðrir áhrifamenn. Meðal ræðumanna var Arnar Hjartarson, jarðeðlisfræðingur hjá Glitni, sem flutti lærdá tölu um borholuprófanir og áhættumat, en Glitnir stærir sig einmitt af því að vera eina fjármálafræðingur sem hefur á sínum snærum sérfræðing í jarðvarma sem hefur það að aðalstarfa að meta áhættu af fjárfestingum í jarðvarmaverkefnum.

Nokkur erindanna voru afar tæknilegs eðlis, en fjármálamennirnir virtust síður en svo slegnir út af laginu og höfðu augljóslega unnið heimavinnuna sína. Þeir spurðu spurninga um flóknustu atriði og ráku jafnvel virtustu sérfræðinga í geiranum á gat.

GRÍÐARMIKLIR MÖGULEIKAR VESTRA

Ólíkt því sem sumir telja þá gerir varminn sem kraumar í íslensku jörð landið ekki einstakt. Jarðvarmi finnst víða um heim, og það í meira magni en hér. Hér eru framleidd rúm 400 megavött af jarðvarmaafli árlega,



Á kortinu sést hve mörg megavött af jarðvarmaafli væri mögulegt að virkja á hverju svæði fyrir sig og einnig hversu mikið er virkjað nú þegar. Á öllum svæðum eru gríðarmiklir möguleikar til nýtingar. Rauðleitu svæðin eru jarðvarmabelti, sem flest má finna á flekumótum. Vert er þó að geta þess að inni í þessum tölum eru svæði sem tæpast verða virkjuð í fyrirsjáanlegri framtíð, svo sem þjóðgarðar og aðrar verndaðar náttúruperlur.

samanborið við 3.000 megavött í Bandaríkjunum og 3.200 í Suðaustur-Asíu, einkum Indónesíu og Filippseyjum. Yrði allur kunnur jarðvarmi á Íslandi virkjaður gæti raforkuframleiðsla numið tæpum 6.000 megavöttum, samanborið við um 42 þúsund megavött í Suðaustur-Asíu og um 38 þúsund á vesturströnd Suður-Ameríku.

Möguleikarnir eru sömuleiðis gríðarmiklir í Bandaríkjunum, þar sem fræðilega væri hægt að beisla um þrjátíu þúsund megavött af jarðvarmaafli, ef miðað er við þau svæði sem þegar eru kunn. Þó skal taka fram að inni í tölum sem þessum eru svæði sem líklega verða aldrei virkjuð, eða að minnsta kosti ekki í náinni framtíð, svo sem þjóðgarðar og náttúruperlur. Að sögn forsvarsmanna Glitnis er fjárfestingaþörfin í jarðvarmaverkefnum fyrir Bandaríkinn ein á bilinu einn til einn og hálfur milljarður Bandaríkjadala á ári hverju næstu árin, og mun líklega rísa í tvo til tvo og hálfan milljarð á ári að nokkrum árum liðnum.

Um helmingur bandarískrar raforku er nú framleiddur með kolabrennslu, en einungis um tvö og hálf prósént með endurnýjanlegum orkugjöfum og þar af ekki nema eitt prósént með jarðvarma. Í því felst einmitt sérstaða Íslendinga; við svölum raforkuþörf okkar að 99,9 hundradshlutum með endurnýjanlegri orku.

FYRIRMYNDARRÍKIÐ ÍSLAND

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var einn aðalræðumanna ráðstefnunnar, og var þar í föngulegum flokki með Alexander Karsner, aðstoðarorkumálaráðherra Bandaríkjanna, og Dan Reicher, framkvæmdastjóra loftslags- og orkusviðs Google. Forsetinn rakti hvernig það tók Íslendinga rétt um hálf á öld að kasta kolunum og olúnu fyrir jarðvarmann og umturnast úr samfélagi sem nýtti heitu lindirnar einungis til þvotta á laugardögum, í samfélag sem gengur nær eingöngu fyrir endurnýjanlegri orku, alla daga. „Ef við getum það, 300 þúsund talsins, þá hljóta aðrir að geta það líka,“ sagði Ólafur og gestir kinkuðu andaktugir kalli. Hann bauð því næst öllum þeim sem efuðust um að jarðvarmanýting væri fýsilegur og arðbær kostur að koma í heimsókn til Íslands og sjá með eigin augum hvað hægt væri að gera.

Forsetinn sagðist hafa fundað með fjölda áhrifamanna í Bandaríkjunum um möguleikana á nýtingu jarðvarma þar í landi, meðal annars með verðandi forsetaframbjóðendum John McCain og Barack Obama, og víðast hvar fengið afar góðar viðtökur. Hann sagðist eiga von á því að viðhorfið til jarðvarmans taki stakkaskiptum að loknum forsetakosningunum í nóvember, þar eð báðir frambjóðendurnir væru umtalsvert jákvæðari í

Forskot Íslendinga óðum að hverfa

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, segir að ráðstefnan sýni á afar skýran hátt þær miklu breytingar sem orðið hafa á umræðunni um nýtingu jarðvarma á örfáum árum.

„En mér finnst þessi fundur líka vera merkilegur fyrir það að hann er vísbending um að það ótvíræða forskot sem Íslendingar hafa haft á undanförnum árum á þessu sviði mun kannski endast okkur í fjögur, fimm eða sex ár til viðbótar.“ Íslendingar þurfi að hafa sig alla við á næstu misserum, ætli þeir að láta forskotið nýtast þjóðinni til hagsbóta.

Ólafur segir þrennt drífa sig áfram í baráttunni fyrir endurnýjanlegri orku.

„Í fyrsta lagi þá hef ég í meira en tíu ár verið virkur þátttakandi í umræðunni um loftslagsbreytingar og hvernig mannkyni stafar hætta af þeim. Sú umræða snýst fyrst og fremst um orkunýtingu því það er fyrst og



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

fremst nýting jarðefna, kola og olíu, sem hafa skapað þessa hættu. Ég tel að Íslendingar hafi nánast siðferðislega skyldu að sýna öðrum þjóðum fram á það að það er hægt að bregðast við með árangursríkum hætti, eins og við höfum gert,“ segir hann.

„Í öðru lagi tel ég að á þessu sviði séu gríðarlegir tekjumöguleikar fyrir Íslendinga og í þriðja lagi er þessi vettvangur mikilvægur starfsvettvangur fyrir unga kynslóð menntamanna, sem hugsanlega hafa hikað við að mennta sig í raunvísindum.“

Ólafur hefur rætt við báða forsetaframbjóðendur í Bandaríkjunum um málið, við góðar undirtektir. „Ég er sannfærður um að það skiptir ekki máli hvor þeirra vinnur forsetakosningarnar, þeir munu báðir beita bandaríska stjórnkerfinu á komandi árum í þá átt sem við höfum verið að leggja áherslu á,“ segir hann.

garð þessarar nýju tækni en sitjandi forseti, og hefðu lýst yfir vilja til að greiða leið fyrirtækja í geiranum frekar en nú er.

MÓTBYR Í STJÓRNKERFINU

Það var raunar leiðandi stef í erindum á ráðstefnunni hve stirt bandaríska regluverkið er gagnvart fyrirtækjum í jarðvarma, þótt þokast hafi hægt í rétta átt á liðnum árum. Um þetta virtust allir sammála, jafnvel aðstoðarorkumálaráðherra Alexander Karsner. Hann skellti skuldinni þó að mestu á Bandaríkjaþing, sem er undir stjórn demókrata. Karsner sakaði þingmenn um skort á frumkvæði í lagasetningu um endurnýjanlega orkugjafa, og tók reyndar fram að það gilti þvert á flokkslínum.

Karsner flutti erindi sitt af gríðarmiklum ákafa, sagði ríkisstjórn landsins mjög spennta

fyrir því að stuðla að framgangi fyrirtækja á jarðvarmamarkaði og að bylting hefði þegar orðið í þá veru með auknum áhuga og níutíu milljón dollara þróunarverkefni stjórnarinnar. „Þetta er það sem ég er allra stoltastur af í embættistíð minni,“ sagði Karsner, og átti þar við það sem hann kallaði „endurreisn jarðvarmans“. Nú væri búið að snúa skútunni við. Ráðuneyti hans væri sérlega óvinsælt, nyti einungis 24 prósentu stuðnings, en honum væri sama. Ríkið væri búið að gera sitt og nú væri fjármálaálífsins að taka við taumunum. „Við þörfumst ykkar,“ sagði hann og beindi orðunum að fulltrúum fjármálastofnana í salnum. Þrátt fyrir fagur-galann virtust ekki allir sannfærðir um heilindi Karsners og hlökkðu eflaust flestir til forsetakosninganna í haust.

Google í liði með umhverfinu

Fulltúi netfyrirtækisins Google hélt erindi á ráðstefnunni og gaf þar tvær yfirlýsingar um þátttöku Google í þróun jarðvarmatekni. Annars vegar kynnti Dan Reicher, framkvæmdastjóri loftslags- og orkusviðs Google, nýja tækni sem Google hefur þróað til að kortleggja mögulega leiðni í bergi á háhitasvæðum, sem unnt væri að dæla vatni í með háþrýstidælum til að framleiða gufu. Hins vegar tilkynnti hann um tæplega hálfri milljónar dollara styrk frá Google til háskólarannsóknna á háhitasvæðum, þar sem flestar þær upplýsingar sem til eru



DAN REICHER

um slík svæði í Bandaríkjunum eru frá áttunda áratugnum og mögulega úreltar.

Reicher sagði í samtali við blaðamann að Google hefði mikinn áhuga á jarðvarma, enda samrýmdist notkun vistvænnar orku af því tagi mjög vel umhverfisvænni stefnu fyrirtækisins.

Í erindi sínu sagði hann það markmið Google að gera endurnýjanlega orkugjafa ódýrari en kol, á næstu árum en ekki áratugum.

Þá átalði hann bandarísk stjórnvöld fyrir skort á stuðningi og nefndi Ástralíu sem dæmi um liðlega stjórnsýslu.

Fóru fiskislóðina inn á jarðhitamarkaðinn

Glitnir var annar aðalbakjarl ráðstefnunnar, enda á bankinn mikið undir því að jarðvarminn komist upp á yfirborðið í Bandaríkjunum, ef svo má að orði komast. Glitnir stefnir að því að verða leiðandi lánastofnun á heimsvísu þegar kemur að jarðvarmaverkefnum og er nú þegar kominn af stað með fjögur verkefni í Bandaríkjunum.

Glitnir tók þá ákvörðun að fara inn á jarðvarmamarkaðinn árið 2005 í ljósi reynslu sinnar af sjávarútvegsmarkaði. „Þar höfðum við byggt upp umfangsmikla alþjóðlega starfsemi grund-



MAGNÚS BJARNASON

vallaða á íslensku sérstöðu. Og við tókum ákvörðun um að gera eiginlega nákvæmlega það sama í endurnýjanlegri orku. Við notuðum hvíta fiskinn og hina íslensku sögu til að brjóta inn í alþjóðlegan sjávarútveg og gerðum það sama með endurnýjanlegu orkuna og jarðvarmann.“

Í dag er Glitnir með um 45 milljarða króna í fjárfestingum og útlánunum til jarðvarmaverkefna. „Það er mikilvægt að vera sjáanlegur í bransanum og þetta er ráðstefna bransans. Þessar samkomur eru sífellt að stækka, og gestirnir að yngjast,“ segir Magnús.



Iceland Express



SPORT 2

enski boltinn



ENSKI BOLTINN

HEFST 10. ÁGÚST – YFIR 350 BEINAR ÚTSENDINGAR





**STAÐA DAGSINS SKOÐ-
UÐ Í LJÓSI SÖGUNNAR**
Þórarinn V. Þórarinnsson, fyrverandi formaður Vinnuveitendasambandsins, og Ari Skúlason, sem áður var hagfræðingur og reyndar síðar framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, ræða hér við Óla Kristján Ármannsson viðskiptaritstjóra.

MARKAÐURINN/ANTON

Nú þarf forystan að koma frá væng stjórnmálanna

Þjóðarsáttin sem gerð var árið 1990 markaði þáttaskil í efnahagssögu landsins, en þá tókst meðal annars loksins að rjúfa vítahring hækkanu launa og verðlags. Núna hefur verið kallað eftir sameiginlegu átaki til að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í réttan farveg. Þórarinn V. Þórarinnsson, lögfræðingur sem á tímum þjóðarsáttarinnar var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, og Ari Skúlason, forstöðumaður greiningar hjá Landsbankanum, sem þá var hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, settust niður með Óla Kristjáni Ármannssyni viðskiptaritstjóra og veltu fyrir sér möguleikanum á nýrri þjóðarsátt.

Fyrir átján árum var með svonefndri þjóðarsátt tekið á víxlverkun launa og verðlags sem var undirrót mikils óstöðugleika í efnahagslífinu. Viðtæk sátt náðist um að taka á efnahagsvanda dagsins eins og hann þá birtist. Þyrfti að koma á viðlíka sátt nú og er yfirhöfuð mögulegt byggja á reynslunni síðan þá í þeim efnunum?

Ari: „Þörfin er alveg örugglega til staðar. Eftir áramót er opnun á öllum helstu kjarasamningum og greinilegt að vandamálin eru fyrir hendi. Í kringum 1990 voru mikil vandamál og sami vandinn hafði verið viðvarandi í langan tíma. Þá var ódaverðbólga og spurningin sem þá var uppi, að minnsta kosti hvað Alþýðusambandið varðaði, var hvort enn einu sinni ætti að gera hlutina með sama hætti, eða hvort reyna ætti aftur að gera eitthvað nýtt. Það hafði svo sem verið gert áður, líkt og 1986 og þar á undan, en alltaf brustu draumarnir. Þarna var hins vegar farið út í að gera hlutina með nýjum hætti og búið að forvinna málið í langan tíma og safna liði á bak við hugmyndina. Slíka samstöðu er líkast til ekki að finna í dag. Núna eru vandamálin tiltölulega ný, en þarna höfðu þau verið viðvarandi og allir gífurlega þreyttir á þeim. Hinn valkosturinn var þá eiginlega bara að gefast upp og værum við þá líkast til á sviðum stað og Símbabve núna.“

Þórarinn: „Aðstæðurnar sem við er að etja núna eru bara af svo allt öðrum toga. Á þessum tíma vorum við enn þá með lokað hagkerfi. Við vorum með lokaðan vinnumarkað og lokaðan gjaldeyrismarkað. Hugtakið fjármálalegur stöðugleiki var bara ekki til í tungunni árið 1990. Vandinn í stöðunni, að minnsta kosti eins og ég sá hann, var að fyrirtækin í útflutningsgreinunum, voru of hart keyrð of lengi og tvennt blásti við: Í fyrsta lagi

að afleiðingar markaðsákvæðra vaxta voru farnar að bíta fyrir alvöru og það ýtti á um að hægt væri að ná niður verðbólgunni. Það áttu því allir mikið undir því, að verðbólga og vextir gætu lækkað; jarðvegurinn fyrir miðstýrða samstöðulausn var fyrir hendi. Svo blásti við að veruleg hættu væri á gjaldþrotum og atvinnuleysi. Sáttin sem gerð var var því í raun og veru sátt um að auka hlut fyrirtækjanna á kostnað launamanna í þeirri trú að það gæti alið af sér vöxt sem aftur gæti staðið undir nýsköpun í atvinnulífinu og batnandi kjörum. Í dag erum við hins vegar fyrst og fremst að takast á við þennan fjármálalega stöðugleika, óvissu um stöðu bankanna og getu Seðlabankans til að styðja við þá með hliðstæðum hætti og gerist hjá öðrum þjóðum. Þessar aðstæður hafa grafið undan stöðugleika krónunnar og valdið meiri gengislækku en menn óraði fyrir. Gengishrunið er nú orðið slíkt, að það hefur þurrkað upp eigið fé í stórum hluta atvinnulífsins og framkallað meiri verðbólgu en verið hefur hér síðustu tuttugu ár. Efnahagur fjölda fyrirtækja er í rúst því fyrirtækin hafa yfirleitt flúið íslenska vaxtaumhverfið og skuldirnar því að miklu leyti í erlendri mynt. Sama hefur í vaxandi mæli gilt um einstaklinga. Vantrúin á krónuna veldur því bæði almenningsi og fyrirtækjunum þungum búisfjum. Viðfangsefnin núna snúa því fyrst og fremst að því, hvernig efla má traust erlendra aðila á hagkerfinu, ekki síst bönkunum og þeim stuðningi sem þeir njóta, og skapa skilyrði til þess að krónan styrkist og vextir lækki. Eitthvert þjóðarsáttarþema í kjarasamningum nú, væri þá helst viðurkenning á að lífskjörin sem feiknaleg kaupmáttaraukning síðustu tíu ára hefur færð okkur hafi gengið til baka að hluta. Aftur blasir því við, eins og

1990, að í von um betri tíð þurfi að sætta sig við samdrátt í kjörum.“

UGGUR ER JARÐVEGUR ÞJÓÐARSÁTTAR VORRA TÍMA

Ari: „Ég held ekki að í samfélaginu nú sé sátt um að kaupmáttur síðustu ára sé að stórum hluta horfinn, enda aðdragandinn að þjóðarsáttarsamningunum svo miklu lengri eftir viðvarandi vandamál í langan tíma. Núna held ég raunar að margir hafi ekki enn áttað sig á stöðunni og af hverju hún er eins og hún er.“

Þórarinn: Ég er ekki alveg sammála því. Ég held að það séu svo stórir hópar fólks illa farnir fjárhagslega eftir þetta tímabil, einstaklingar sem hafa skulðsett sig til hlutabréfa- og íbúðakaupa í erlendri mynt og hræðsla við atvinnubrest hafi orðið til þess að undir niðri sé töluverður uggur núna. Út af fyrir sig getur því verið jarðvegur til að komast hjá gamalkunnu víxlengi launa- og verðhækkana. Ég held út af fyrir sig að erlendir greiningaraðilar séu ekki mikið að spá í íslenska kjarasamninga, þeir yrðu því ekkert sérstaklega uppnæmir þótt það yrðu gerðir skynsamlegir samningar sem viðurkenna orðinn hlut. Þeir yrðu hins vegar enn svartari en þeir eru þó í dag ef við legðumst í vinnudeilur og launahækkarnir. Þetta snýst um að gera allt sem aukið getur tiltrú á íslenska hagkerfinu og forðast allt sem getur veikt hana.“

En ekki vega kjaramálin jafn þungt núna og þau gerðu þá? Og eru til staðar sömu tæki til að hafa áhrif á þróunina?

Ari: „Nei, eins og Þórarinn sagði, þá er þetta mjög á efnahagsreikningshliðinni og spurning hvort tengingin yfir í tekjurnar sé fyllilega komin fram.“

Þórarinn: „Hún er það ef til vill ekki en uggurinn er kominn og verkefnið því að forðast að gera illt verra. Sá tími er hins

vegar liðinn að hægt sé að grípa til jafn heildstæðra aðgerða og gert var í þjóðarsáttarsamningunum árið 1990.“

Ari: „Þá vorum við miklu nær því sem kalla mátti ríkisstýrt samfélag og samtökin sterkari og gátu því þrýst fastar á um breytingar.“

Þórarinn: „Þegar við tókum upp flotgengi á krónunni þá ákvarðaðist gengið af væntingum aðila á markaði en ekki ákvörðunum ríkisstjórnar og Seðlabanka eins og var árið 1990.“

Ari: „Á þeim tíma ákváðu í raun Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið að fara út í þetta og drógu vagninn, auk þess sem þá voru margir til hliðar tilbúnir að ýta með. Með komu BSRB, bankarnir, bændur og þar fram eftir götunum. Þannig að þó að meginþunginn hafi hvílt á þessum tveimur samtökum var í raun enginn sem stóð í veginum fyrir þessum breytingum, nema kannski BHM [Bandalag háskólanna] sem ekki var alveg á þessari línu. Allir aðrir voru með. Einhvern veginn finnst manni sú vitund ekki til staðar núna að ætla að draga okkur upp úr þessu.“

Þórarinn: „Viðfangsefnin eru enda öll önnur núna en voru þá. Þau snúa nú að trúverðugleika, fjármálalegum stöðugleika, stöðu bankakerfisins og samhengi þessa við gengi og vexti.“

AGA VANTAR Í EFNAHAGSSTJÓRN

En hvaða verkefnum stöndum við þá frammi fyrir núna, ef ætlunin væri að koma á einhvers konar nýrri þjóðarsátt? Getur verið að sáttin þyrfi að snúast um krónuna og framtíð hennar?

Ari: „Ákveða þarf hvert þú ætlar að fara og hvar þú ætlar að enda. Spurningin um hvort við losnum við gjaldmiðilinn eða ekki skiptir ekki öllu máli. Aðalmálið er að við náum uttan um okkar mál og

stýrum þeim sjálf, líkt og tókst á þessum tíma.“

Þórarinn: „Höfuðviðfangsefnið er að móta sýn og stefnu sem er trúverðug í okkar eigin augum og annarra. Núna er þörf á pólitískri forystu og þarf að horfa á hvernig hagsmunum Íslands verður best borgið bæði í bráð og lengd og hvaða tækifæri við þurfum að nýta okkur betur. Ég tel að sátt þurfi að verða um að nýta orkulindirnar sem mest við megum næstu árin. Þar höfum við forskot á aðrar þjóðir. Einnig þarf sátt um hvernig við getum tengst einhverju öðru mynsvæði. Eftir á að hyggja held ég það hafi verið mikil mistök að halda að við gætum verið með sjálfstæða mynt sem lyti hreinum markaðslögumálum. Það hefði þurft svo feikilegan aga til að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð sem staðið hefði getað að baki henni.“

Ari: „Við erum náttúrulega ekki með þann aga sem þarf, hvorki hvað varðar vinnu- og efnahagsstjórn. Eins og staðan er núna þá erum við ekki tæk inn á evrusvæðið, jafnvel þótt við sammæltumst um að þangað vildum við fara.“

Þórarinn: „Á milli fimmm og tíu aðildarríki Evrópusambandsins fá ekki enn aðild að myntbandalaginu af því þau uppfylla ekki Maastricht-skilyrðin og fjarstæða að ímynda sér að við fengjum með einhverjum hætti flýtimeðferð fram yfir aðildarríki Evrópusambandsins. Þarna er því engin skynlæsi. Við þurfum hins vegar að geta séð ljósið fram undan og stefnt í það. Við þyrftum þá að vera með það sem skilgreind markmið að ætla að nýta svo og svo mikið af orku næstu árin og að við ætlum að stefna að því að ganga í Evrópusambandið og uppfylla að minnsta kosti skilyrði fyrir því að fá tekið upp evruna.“

Í VEISLULOK SLOKKNNA LJÓSIN Í ÖLLUM SALNUM

Ari: „Við þurfum ef til vill að endurskoða okkar mál. Upp á síðkastið hefur til dæmis komið í ljós að margt af því sem við töldum okkar helstu styrkleika, líkt og sveigjanleiki og svo framleiðis, reynist kannski bara vera veikleiki og við þurfum að sammælast um á hvað við ætlum að leggja áherslu. Þar er orkan augljós kostur. Staðan er líka orðin helst til ankannaleg þegar hér má helst ekki veiða fisk og ekki nýta orku. Á hverju ætlum við þá að lifa? Þetta liggur því í pólitísku forystunni og því hvernig vinnumarkaðurinn leysir sín mál í vor. Það versta sem hægt væri að gera væri að búa þar til kjarabætur úr engu með peningaprentun, líkt og við gerðum til margra ára fyrir þjóðarsátt og kannski í og með síðan, því stöðugt er verið að hækka laun umfram framleiðni aukningu sem náttúrulega gengur ekki til lengdar.“

Þórarinn: „Það er náttúrulega nákvæmlega það sem hefur gerst. Viðskiptahallinn hefur byggst upp í ótrúlegar hæðir og það á sér vitanlega bæði skýringu í tímabundnum fjárfestingartoppi og því að launahækkunarir hér og kostnaðaraukning hefur verið miklu meiri hér en í öllum nálægum löndum. Því miður erum við ekki töframenn, að minnsta kosti ekki í þeim mæli að geta byggt mikið úr engu. Efnið í þjóðarsáttina er að viðurkenna að við höfum skammtað okkur kjör umfram það sem framleiðslan stendur undir. Það hefur verið voða gaman í veislunni, auðvitað misgaman eftir hópum, en þegar ljósin eru slökkt þá slokknar, jú, í öllum salnum. Þess vegna sit-

um við öll í þessu saman.“

En getur einhver sátt orðið um að keyra upp framkvæmdir á nýjan leik og keyra í nýja rússibana-reið þar sem sjá má fyrir sér viðlíka niðursveiflu á eftir og núna ríkir? Þarf ekki að horfa til lengri tíma og meiri stöðugleika?

Þórarinn: „Við þurfum að læra af því hvað misförst núna. Við höfum nú á sársaukafullan hátt fengið að læra að í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi þar sem mörk athafnasvæða eru að þurrkast út er krónan of lítil til þess að þjóna hagsmunum fyrirtækja og einstaklinga, og þess vegna ríkisins. Um þetta deila menn í raun og veru ekki lengur. Við verðum að fá stöðugri gjaldmiðil og við verðum að halda áfram að treysta regluumhverfi hér þannig að menn gripi ekki um höfuðið þegar Ísland er nefnt í samhengi við lánamál eða fjárfestingar. Það mun taka tíma að endurvinnna það traust.“

Ari: „Þá má ekki loka á þá möguleika sem við þó höfum út af einhverjum öðrum ástæðum. Við þurfum að meta það hvort við til dæmis höfum efni á að nýta ekki orkuna. En kjarninn í því sem við er að etja er ekki ósvipaður þótt tímarnir séu nú aðrir. Þetta snýst um að halda aga og halda uppi þökkalegri hagstjórn. Því miður erum við ekkert mjög góð í því. Árið 1990 tók vinnumarkaðurinn af skarid og þessi samtök tóku að sér að deila og drottna. Auðvitað voru það fyrst og fremst Ásmundur [Stefánsson] og Þórarinn sem tóku að sér að gera það, þar lá þunginn. Þessi samtök drógu vagninn og sem betur fer ýttu



LYFTU ÞUNGU HLASSI Ari Skúlason, fyrrverandi hagfræðingur ASÍ, segir í viðtalinu hér að engum blöðum sé um það að fletta að þeir Ásmundur Stefánsson og Þórarinn V. Þórarinn séu hinir eiginlegu höfundar þjóðarsáttarinnar árið 1990. Hér sjást þeir félagar koma samferða á sáttafund. Vegna starfa sinna nú sem ríkissáttasemjari sá Ásmundur sér hins vegar ekki fært að ræða aðgerðir í efnahagsmálum dagsins í dag.

MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

margir líka. Það var hins vegar ekki þannig að hugmyndirnar kæmu úr stjórnarráðinu eða við ríkisstjórnarborðið. Það var bara miklu meiri þörf sem knúði á um að frumkvæðið kæmi annars staðar frá. Núna erum við hins vegar í þeirri stöðu að vinnumarkaðurinn er miklu veikari en hann var og maður sér ekki fyrir sér að aflið komi úr þeirri áttinni.“

Þórarinn: „Núna stendur krefan á stjórnámálumennina að hafa forystu um að móta sýn um það, hvernig við komumst aftur á fast land og getum hafið uppbyggingu á ný. Þeir verða að gera það algerlega skýrt, að ríkisvaldið

ætlar að tryggja stöðu bankakerfisins og sýna það í verki. Bankakerfið er lífæð atvinnulífsins og vantrú á bönkunum kemur beint fram í gengi krónunnar, hækkandi skuldum fyrirtækja, rýrnun eiginfjár, gjaldþrotum og atvinnuleysi. Það er því engra kosta vól. Ríkisvaldið verður að standa fast að baki bönkunum og vonandi með þeim árangri að endurvekja tiltrú erlendis, krónan styrkist og bankarnir verði á ný uppspretta vel launaðra starfa, hagnaðar og skatttekna. En trúverðugleikinn kemur ekki bara með talandanum, það þarf aðgerðir, sjálfsagt sársaukafullar á vettvangi fjár-

mála ríkis og sveitarfélaga þar sem trúlega mun þykja erfitt að aðlaga útgjöldin að tekjunum. Svo verða ríki og borg að taka höndum saman um sóknarsýn í orkumálum. Ekki gengur lengur að hver tali þar út og suður.“

Ari: „Núna erum við náttúrulega með óvenjulega mikinn stjórnarmeirihluta í ríkisstjórn og ætti það ekki að draga úr möguleikunum á því að taka á málum. Komi stjórnarflokkarnir sér saman um eitthvað á maður erfitt með að sjá að aðrir geti verið mikið á móti því. Það eru því allir möguleikar á því að ná utan um stöðuna með þeim hætti.“



ÞJÓÐARSÁTTARSAMNINGAR UNDIRRITAÐIR Samningarnir um þjóðarsáttina voru undirritaðir 2. febrúar árið 1990. Frá vinstri talið eru þarna Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ, Haukur Halldórsson, formaður Bændasamtakanna, Einar Oddur Kristjánsson, formaður VSI og Þórarinn V. Þórarinnsson, framkvæmdastjóri VSI.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Viðfangsefnið var víxlverkun launa og verðlags:

Þjóðarsáttin var forsenda stöðugleika í verðlagi og atvinnulífinu

Samningarnir sem undirritaðir voru milli samtaka atvinnurekenda, verkafélaga og bænda í febrúarbyrjun árið 1990 mörkuðu tímamót í efnahagslífi þjóðarinnar. Þeir hlutu enda strax nafnið „Þjóðarsátt“, en að samningunum stóðu öll félög launþega utan Bandalags háskólamanna. Markmið þjóðarsáttarinnar var að draga hratt úr verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi.

Í viðtali við Fréttablaðið í tilefni af 15 ára afmæli sáttarinnar árið 2005 sagði Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari, sem var forseti Alþýðusambands Íslands þegar samningarnir voru gerðir, að ekki væri hægt að ofgera því hvað tímamót-

in hafi verið mikil við gerð samninganna og hversu miklu þau hafi breytt, hvort heldur sem það væri fyrir kjör almennings eða atvinnulíf í landinu. „Við vorum búin að kljást við látlausa veltu verðhækkana og launahækkana um mjög langan tíma,“ sagði hann, en sú víxlverkun hafi grafið undan fyrirtækjarekstri með þeim hætti að langtímaáætlanir voru nánast útilokaðar. „Svo var staðan náttúrulega vonlaus fyrir almennig sem mátti eiga von á að missa allt út úr höndunum ef ekki var spilað rétt á verðbólgun.“

Ásmundur sagði breytinguna árið 1990 hafa búið til stöðugleika í verðlagi og atvinnurekstri, auk þess

sem eftir hana hafi verið hægt að gera kjarasamninga til mun lengri tíma en áður. Hann lagði hins vegar áherslu á að þjóðarsáttin hafi átt sér langan aðdraganda og alls ekki verið svo að einhverjir örfáir menn hafi lokað sig saman og ákveðið að umbreyta öllum hlutum. „Gerð var alvarleg tilraun til að fíkra sig í þessa átt í samningum árið 1984. Árið 1986 var líka gripið til víðtækra aðgerða sem ekki gengu upp en endurspegluðu engu að síður vilja manna til að koma sér út úr vítahringnum,“ sagði hann og taldi að ómögulegt hefði verið að gera á móta átt nema með breiðum vilja alls staðar að úr samfélaginu.



ÁSMUNDUR STEFÁNSSON

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Forystu- og stefnuleysi hvað varðar fyrirliggjandi efnahagsvanda getur af sér skaðlega umfjöllun og vangaveltur.

Leiða þarf þjóðina í stað þess að láta reka

Óli Kristján Ármannsson

Undir lok síðustu viku kom frá greiningardeild bandaríska fjárfestingabankans Merrill Lynch skýrsla þar sem því var í alvörunni velt upp að stjórnvöld hér á landi kynnu að ætla að halda að sér höndum þar til íslenskir bankar væru svo illa staddir að hægt væri að þjóðnýta þá og afskrifa hluta skuldbindinga þeirra utan landsteinanna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, starfandi forsætisráðherra, brást við í Fréttablaðinu á laugardag og sagði ummælin svo vanhugsuð að þau dæmdu sig sjálf og velti fyrir sér hvort annarlegar hvatir lægju að baki. Og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra kvaðst undrast tóninn í skýrslunni.

Vert er hins vegar að velja því fyrir sér hvernig á því stendur að greiningardeild virts fjármálafyrirtækis telur sig hafa grundvöll til að fara fram með jafnábyrgðarlausar vangaveltur um fjármálakerfið hér. Út á við virðast trúlega vera lausatök og upplausn í stjórn efnahagsmála hér. Mistök hafa verið gerð í efnahagsstjórn síðustu ára sem urðu til þess að þensla varð meiri og fallið því þeim mun skarpara nú. Gjaldmiðill þjóðarinnar er svo í ofanálag smæsti sjálfstæði flotgengisgjaldmiðill heims og engar ýkjur að líkja honum við korktappa í stórsjó og ljóst að hann verður áfram leiksoppur spákaupmanna.

Og ekki er það út í bláinn sem kallað er eftir forystu úr ranni stjórnmálanna í umbótum í efnahagslífinu hér.

Í opnuviðtali í Markaðnum í dag fara Þórarinn V. Þórarinnsson, lögfæringur og fyrrum framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, og Ari Skúlason, hagfræðingur sem áður var hjá Alþýðusambandinu, yfir stöðu efnahagsmála hér í ljósi reynslunnar frá því þegar þjóðarsáttarsamningunum var komið á árið 1990. Þá voru það samtök atvinnulífsins sem drógu vagninn í að koma hér á nauðsynlegum breytingum til þess að tryggja stöðugleika og hagvöxt. Núna eru aðstæður um margt breyttar og þeir sammála um að forystan verði að koma af væng stjórnmálanna. Horfast verði í augu við stöðuna eins og hún er og grípa til nauðsynlegra aðgerða. Þeir kalla eftir skýrri stefnu til lengri framtíðar þar sem aukinn stöðugleiki og áframhaldandi hagsæld sé markmiðið. „Við þurfum að læra af því hvað misfórst núna. Við höfum nú á sársaukafullan hátt fengið að læra að í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er krónan of lítil til þess að þjóna hagsmunum fyrirtækja og einstaklinga og þess vegna ríkisins,“ segir Þórarinn og bætir við að krafan standi nú á stjórnmálmenningu um að móta sýn um hvernig hefja megj uppbyggingu á ný. Ari bendir einnig réttlæga á að nú sé sterkur meirihluti í ríkisstjórn sem ætti að hafa burði til að taka á málum. „Það eru allir möguleikar á því að ná utan um stöðuna.“

En á meðan karpáð er um leiðir og ekkert virðist þökast í fyrirlýstum fyrirætlunum Seðlabankans um stóra lántöku til að styrkja gjaldeyrisvarafórðann og þar með bakland fjármálakerfisins, þá er rúm fyrir skaðlegar vangaveltur í erlendum miðlum um stefnuleysi og ráðleysi í efnahagsmálum hér. Og á slíkum vangaveltum fitna spákaupmennirnir líkt og þúkin á fjósbítunum.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Tungumálaláttun erlendis, fyrir vinnandi fólk.

Námskeið fyrir þá sem vilja bæta stöðu sína og ná betri tókum á almennu og faglegu tungutaki. **Hagnýt þjálfun** hjá völdum fræðslusetrum og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma. **Ein vika eða fleiri** og í boði allt árið. **Samsett námskeið** (hópur, smáhópur og einkatímar), sniðið að þörfum hvers og eins.

Executive & Professional Language Training

lingo
MÁLAMIDLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Hvað ætlar þú að verða?

Flestir hafa einhvern tímann á lífsleiðinni fengið spurninguna um hvað þeir ætli að verða þegar þeir verði stórir. Þegar börn svara henni miðast svarið í flestum tilfellum við þær stéttir sem helst er litið upp til á æskuárnum. Krakkar vilja verða löggur, fíróttálfar, slökkviliðsmenn eða Solla stírða. Þegar aldurnir færast yfir fara aðrir hlutir að veða þyngra eins og launakjör, starfsréttindi, samfélagsleg virðing og völd. Að sama skapi veltur áhugi fólks á tíðaranda hverju sinni.

Fyrir nokkru voru franskir háskólanemendur spurðir þessarar spurningar, það er hvar þau hefðu áhuga á að starfa í framtíðinni. Niðurstöður könnunarinnar leiddu í ljós að þrjú af hverjum fjórum nemendum settu stefnuna á starf hjá hinu opinbera. Þetta kann að hljóma undarlega en þegar betur er að gáð er um tiltölulega skynsamlega afstöðu að ræða. Í Frakklandi eru launakjör opinberra starfsmanna mjög samkeppnishæf samanborið við almennan vinnumarkað, auk þess bjóðast þar mun betri fríðindi. Starfsörýggi er meira, lífeyrisréttindi eru betri, vinnutíminn er almennt styttri og opinberir starfsmenn komast fyrr á eftirlaun. Það sem hefur gerst er að kjör opinberra starfsmanna eru orðin of samkeppnishæf.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Atvinnuleysi í Frakklandi hefur verið viðvarandi í langan tíma á sama tíma og atvinnuþáttaka er lægri en gengur og gerist innan OECD. Opinberum starfsmönnum sem hlutfall af heildarvinnuafli hefur fjölgað og útgjöld hins opinbera hafa aukist hratt. Hvert einasta ár í meira en tvo áratugi hefur hið opinbera verið rekið með halla og skuldir þess hafa aukist samhlíða því. Það bendir því flest til þess að fjármálastefna franskra stjórnsvalda sé ekki sjálfbær. Ein af veigamestu ástæðunum er sú staðreynd að starfskjör opinberra starfsmanna hafa skekkst stöðu vinnumarkaðarinnar.

Þetta er vandamál sem íslensk stjórnvöld geta tvímælaust dregið lærdóm af. Hér hefur atvinnuleysi verið með minnsta móti í langan tíma, hagvöxtur hefur verið mikill og skuldastaða hins opinbera hefur farið batnandi. Blómlegum vinnumarkaði hefur fylgt mikil aukning í kaupmátti hjá öllum starfsstéttum. Þrátt fyrir þetta hafa stjórnvöld ekki nýtt tækifærið og fækkað opinberum starfsmönnum meðan næg störf voru í boði, heldur hefur þeim þvert á móti fjölgað. Þetta geta reynst dýrkeypt mistök nú þegar sverfur að og tekjur hins opinbera taka á rýrna.

EKKI LIGGJA FYRIR NÁKVÆMAR TÖLUR UM FJÖLDA OPINBERRA STARFS-

ORÐSKÝRING

Nakin skortsala

Fyrir viku lagði bandaríska verðbréfaeftirlitið bann við „nakinni skortsölu“ á hlutabréfum í nítján bönkum og fjármálafyrirtækjum.

„Nakin skortsala“ á sér stað þegar verðbréfasali skortselur hlutabréf sem hann hefur ekki undir höndum, með þá vissu að hann geti keypt þau á lægra verði áður en kemur að afhendingu, yfirleitt innan þriggja daga frá viðskiptum. Þó að „nakin skortsala“ sé ekki bönnuð í Bandaríkjunum er ólöglegt að beita



Í LEIKSKÓLANUM Greinarhöfundur veltir fyrir sér þróun á vinnumarkaði og hlutfallslegri fjölgun opinberra starfsmanna í góðari síðustu ára. MARKAÐURINN/VILHELM

ORÐ Í BELG

Frosti Ólafsson
hagfræðingur
Viðskiptaráðs
Íslands



mannna en hægt er að áætla fjölgun þeirra með því að skoða þá flokka í vinnumarkaðstölum Hagstofu Íslands þar sem starfsmenn eru að megninu til á launaskrá hjá hinu opinbera. Á síðustu tíu árum hefur starfsfólki í þessum flokkum fjölgað um 35 prósent á sama tíma og heildarvinnuafli hefur aukist um 25 prósent. Sérstaka athygli vekur að starfsmönnum í opinberri stjórnsýslu hefur fjölgað um tæplega 50 prósent á umræddu tímabili. Þetta er tvisvar sinnum meiri aukning en á almennum vinnumarkaði.

Jarðvegurinn hérlandis er að ýmsu leyti sambærilegur þeim í Frakklandi á undanföllum áratugum. Til að bregðast við mikilli samkeppni um hæft starfsfólk hefur launasvigrúm ýmissa opinberra stofnana verið auknið til muna. Þrátt fyrir að eftirspurn eftir sérfræðingum og vel menntuðu starfsfólki hafi aldrei verið meiri á almennum vinnumarkaði hefur starfsmönnum í opinberri stjórnsýslu fjölgað hratt eins og fyrrgreindar tölur bera með sér. Kjör þeirra hafa því reynst mjög samkeppnishæf á undanföllum árum. Óþarft er að tiltaka sérstakar launahækkningar innan stjórnsýslunnar en ljóst er að af nægu er að taka.

Þrátt fyrir að kaupmáttur hafi vaxið hratt á almennum vinnumarkaði hefur verið mikið um árangurstengdar

greiðslur, yfirvinnu og aðrar vilnanir sem eru ekki hluti af föstum launum. Þetta á ekki síst við um þá hæst launuðu. Sveigjanleiki atvinnurekanda til að draga úr þessum greiðslum er mikill og því má búast við mikilli kaupmáttarskerðingu á næstu misserum hjá þessum hópum. Laun innan opinberra geirans, sér í lagi stjórnsýslunnar, eru mun ósveigjanlegri og því afar ólíklegt að brugðist verði við breyttum aðstæðum með lækkun launa.

Þessu til viðbótar eru ýmsir þættir sem gera starf hjá hinu opinbera að enn fýsilegri kosti en ella. Starfsörýggi er meira, lífeyriskjör eru betri þar sem móttframlag atvinnurekanda er herra en á almennum vinnumarkaði, vinnutími er almennt styttri, eftirlaunaréttindi ákveðinna starfsstétta mjög rausnarleg og svo mætti lengi telja. Það ætti því ekki að undrast ef háskólanemar fara að horfa í auknum mæli til opinberra stjórnsýslu í framtíðinni.

Það liggur fyrir að laun opinberra starfsmanna eru greidd með sköttum og öðrum innheimtum þjónustutekjum. Fjölgun starfsmanna þýðir því einfaldlega að skattar þurfa að hækka og óvalkvæð þjónustugjöld aukast. Að sama skapi er ljóst að hátt hlutfall opinberra starfsmanna dregur verulega úr sveigjanleika vinnumarkaðar, sem hefur þótt einn helsti styrkleiki íslenska hagkerfisins.

Það er verulegt áhyggjuefni að opinberum starfsmönnum skuli hafa fjölgað hlutfallslega í góðari síðustu ára, enda hefur reynslan sýnt að einkageirinn er sá hluti atvinnulífsins þar sem framleiðni-aukning er mest. Aukin framleiðni er grundvöllur langtíma

hagvaxtar og því er nauðsynlegt að þessari þróun verði snúð við sem fyrst. Hluti af þeim viðsnúningi er að koma í veg fyrir að bestu starfskjörin bjóðist í embættismannakerfinu og opinberri stjórnsýslu.



henni í þeim tilgangi að keyra niður verð hluta- bréfa og Fjármálaeftirlitið má, ef ástæða þykir til, takmarka skortsölu í fyrirtækjum tíma- bundið.

„Nakin skortsala“ er bönnuð á Íslandi.

SAGAN Á BAK VIÐ... BJÖRGÓLF THOR BJÖRGÓLFSSON

Ríkasti maður Íslands fer ekki heldur varhluta af lækkunum

Björgólfur Thor trónir á toppi lista yfir ríkustu Íslendingana í úttekt sem Markaðurinn gerði fyrir skemmstu. Eignir hans eru metnar á 230 milljarða. Þrátt fyrir að flestar eignir hans séu óskráðar hefur hann ekki farið varhluta af hinni miklu lækkun sem hefur verið á hlutabréfamörkuðum undanfarið. Á lista sem Forbes birti í mars síðastliðnum voru eignir Björgólfs metnar á 267 milljarða. Frá þeim tíma hefur til að mynda hlutur hans í Landsbankanum lækkað

um 10 milljarða og hluturinn í Straumi um 4.

Björgólfur Thor tók framhaldsskólapróf frá Verslunarskóla Íslands en þaðan lá leið hans í viðskiptafræði við Leonard N. Stern School of Business í New York. Hann útskrifaðist þaðan árið 1991 og skómmu síðar lá leið hans til Rússlands til að setja á fót gosdrykkjaverksmiðjuna ásamt föður sínum, Björgólfi Guðmundssyni, og samstarfsfélaga þeirra feðga, Magnúsi Þorsteinssyni. Gosverksmiðjan

var síðar seld til Pepsi í Póllandi og bjórverksmiðjan Bravo stofnuð í framhaldinu. Bravo framleiddi bjórinn Botchkarov sem sló í gegn í Rússlandi. Hún var seld til Heineken í febrúar árið 2002 fyrir ríflega 300.000 milljónir dollara. Ágóða þeirrar sölu hefur hann nýtt til fjárfestinga á Íslandi og í Austur-Evrópu. Fyrir hafði Samson, fjárfestingarfyrirtæki Björgólfs, keypt hlut í Balkanpharma og Pharmaco. Í lok árs 2002 keypti Samson 45% hlut í Landsbanka Íslands.

Samson keypti einnig Delta og sameinaði það Pharmaco og úr varð Actavis. Aðrar fjárfestingar Björgólfs Thors hafa m.a. verið í Eimskipafélagi Íslands, BTC búlgarska símanum, E1Bank, Straumi – Burðarás og símafyrirtækinu Novator í Búlgaríu. Einnig á hann fasteignir í Rúmeníu, Skandinavíu, Spáni, Tyrklandi og víða í Austur-Evrópu.

Björgólfur er fæddur 19. mars 1967. Hann er í sambúð með Kristínu Ólafsdóttur og eiga þau einn son.



BJÖRGÓLFUR THOR Á samkvæmt úttekt Markaðarins 230 milljarða íslenskra króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPÁKAUPMAÐURINN

Lánið slegið af í sólinni

Þetta er nú meira letilífið þessa dagana. Rétt að maður nenni að dröslast á fætur til að kíkja á afkomufundina. En ætli sé nú ekki samt rétt að fylgjast með.

Gott hjá Landsbankanum að vera vel fyrir hádegi með kynninguna sína, svona áður en hitastigið nær hæstu hæðum. Og gaman að því hvað menn eru brattir þar með innlánsreikningana sína í útlöndum. Alltaf gaman þegar gengur vel. Sérstaklega þegar á móti blæs.

Annars mættu menn nú alveg fara að spila með þegar fjárfestar vilja gera góða hluti. Ég fór um daginn í ónefndan banka og spurði hvort þeir vildu ekki lána mér smáslummu. Við ætluðum félagarnir að kaupa smábísbuss sem okkur leist vel á og ætluðum að gera þetta vel, bara með helming að láni. Litlar 150 kúlur.

Í bankanum voru menn aldeilis til í að aðstoða. Sjálfsagt mál að lána þetta í þrjú ár með 23 prósentu vöxtum. Ég hló nú bara. Í næsta banka fóru þeir reyndar undir 20 prósentin með vextina og buðu mér endurskoðun að ári. Mér fannst það alveg jafnfyndið. Ekki er nú samt víst að þeim sé öllum hlátur í hug sem þurfa að sækja fjármögnun á þessum kjörum. Annars sýna þessar aðstæður nú hvað banka-bransinn er skemmtilegur búness. Þó að menn þurfi kannski eitthvað að afskrifa þá aukast hinu megin þóknatekjur frá þeim bæjum sem þurfa á „fjárhagslegri endurskipulagningu“ að halda.

Já, nú er gott að vera ekki í miklum spreng að kaupa, eða taka lán. Maður heldur bara áfram að slaka á meðan menn vilja ekki taka þátt í góðum verkefnum. Peningamarkaðirnir sjá til þess að manni líður ekkert illa á meðan. Þessi lántaka bíður því betri tíma.

Spurning samt hvort ekki fer að koma að því að fjármálastofnanir hér heima noti eitthvað af þessum peningum til útlána sem þeir eru að sækja í þessum innlánsreikningum sínum.

Svo fer nú tækifærunum líka að fjölga. Kannski þarf maður bara að vera stórtækari í fyrirtækjakaupunum. Að minnsta kosti nógu stórtækur til að vekja áhuga banka öðrum hvorum megin Atlantsála. Best að hafa augun hjá sér um leið og maður nýtur sumarblíðunnar. Þá er heldur ekki algalið að hafa lausan tíma til að trimma af sér í ræktinni grillkjötið og bjórinn.

Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færur við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa Morgunblaðsins er prentuð á laugardegi áður en íþróttúrslit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.



Allt sem þú þarft – alla daga





TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON hefur reynt sannspár um íslenskt efnahagslíf.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég sagði ykkur það

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur var ráðinn til forsætisráðuneytisins í sex mánuði til að sinna ráðgjöf í efnahagsmálum, einkum á sviði peninga- og fjármálamarkaðar. Tryggvi Þór var forstöðumaður Hagfræðistofnunar í 15 ár og var oftast en ekki leitað til hans eftir álitum á stöðu efnahagsmála og hvaða úrbætur væru mögulegar. Það verður forvitnilegt að heyra hvaða tillögur til úrbóta Tryggvi Þór kemur með en hér er upprifjun á athugasemdum frá honum í gegnum tíðina. *Guðný Helga Herbertsdóttir* rýndi í fortíðina.

„Það má segja að við séum komin að eins konar tíma-bundnum endimörkum góðu árána. Þetta gengur yfir á einu eða tveimur árum. Svo byrjar ballið aftur.“

Morgunblaðið, 13. apríl 2006

Íbúðalánasjóður

Í skýrslu Hagfræðistofnunar um hagstjórnarumhverfið og sambýli atvinnuvega frá 2006 nefnir Tryggvi Þór að breytingar á íbúðalánamarkaði hafi verið mistök sem búið hafi verið að vara sterktlega við með ítarlegri skýrslu Hagfræðistofnunar. „Atburðarásinni var þar lýst svo nákvæmlega að hún hefði eins getað verið skrifuð eftir á en stjórn-málamenn skelltu algjörlega skollaeyrum við þessu.“

Fréttablaðið, 21. desember 2006.

Tryggvi Þór hefur lengi talað fyrir sölu á íbúðalánasjóði til bankanna. „Þeir

gætu þá breytt honum í heildsölubanka og ríkið gæti greitt bönkunum fyrir að standa undir byggða- og félagslegum markmiðum sem stjórnvöld vilja ná.“
Fréttablaðið, 28. júní 2006.

Þegar hámarkslán íbúðalánasjóðs hækk- uðu í 18 milljónir sagði Tryggvi Þór þetta hafa verið kolranga aðgerð: „Bæði seðla- bankastjóri og forsætisráðherra hafa talað um það að draga saman í lánun og því er þetta það sem maður átti síst von á. Ég get ekki einu sinni ímyndað mér hvernig þeim dettur í hug að gera þetta á þessum tíma.“
Fréttablaðið, 18. apríl 2006.

Krónan/Evran

„Við [Gylfi Zoëga ritaði skýrslu Hagfræðistofnunar um framtíðarskipan gengismála ásamt Tryggva Þór] teljum mjög mikilvægt fyrir lítið hagkerfi eins og Ísland með sínar sveiflur að hafa sjálfstæða peningamálastefnu. Jafnframt teljum við að sveigjanleikinn í hagkerfinu sé meiri við núverandi fyrirkomulag heldur en við fastgengi.“
Markaðurinn, febrúar 2006.

„Miklar og hraðar fjármagnshreyfingar nútímans þar sem gjalddeyrir streymir með ógnarhraða um heimshagkerfið rífa lönd eins og Ísland með sér. Með háum stýrivöxtum og frjálsum fjármagnsflutningum inn og út úr landinu er íslenska hagkerfið berskjaldað fyrir þessu brimróti hins alþjóðlega fjármálamarkaðs. Evran býður upp á vörn gegn þessu.“
Ráðstefna Alþjóðamálastofnunar 24. nóvember 2006.

„Ef menn hysja ekki upp um sig buxurnar er evran eini kosturinn. En ég vil frekar að menn hysji upp um sig buxurnar. Ef samspil hagstjórnartækja verður ekki þannig að hér verði eðlilegur hagvöxtur, sem ekki leiðir af sér þenslu, getur verið að hægt sé að neyða fram það umhverfi með því að taka upp nýjan gjaldmiðil.“
Fréttablaðið, 21. desember 2006.



Mishkin- skýrslan

Tryggvi Þór og Frederic Mishkin tóku saman skýrsluna og olli hún straumhvörfum í umræðunni árið 2006. Skýrslan hrakti mikið af þeirri neikvæðu gagnrýni sem íslenskt efnahagslíf hafði fengið. Niðurstæða skýrslunnar var að hverfandi hætta væri á fjármálakreppu á Íslandi. Í skýrslunni kom einnig fram að fjármálaeftirlit gæti orðið sterkara ef það færi fram innan vébanda Seðlabanka Íslands. Ísland sé lítið land með takmarkað bolmagn og þess vegna sé best að ein öflug stofnun sjái um eftirlit með fjármagnsmarkaðnum, frekar en að þeirri ábyrgð sé dreift á tvær stofnanir.

Aðhald í ríkisútgjöldum

Í kjölfar þess að fjárlagafrumvarp var sett fram árið 2003 sagði Tryggvi Þór í viðtali við Fréttablaðið: „Heilbrigðismálin ættu að vera létt á fóðrunum en það er greinilega einhvers konar vanskjölur í þeim.“ Hann lagði jafnframt til að stórfamkvæmdum yrði frestað, s.s. að tónlistarhúsi yrði ekki byggt í Reykjavík á meðan mesta spennan væri í efnahagslífinu. „Ef allir leggjast á eitt mun góðærið skila sér til almennings en ef menn fara út af sporinu verða timburmennirnir miklir. Verðbólga, samdráttur og sársauki. Þá fyrst brotlendum við.“

Í viðtali við Morgunblaðið 22. nóvember 2004 benti Tryggvi Þór á nauðsyn þess að sýna aðhald í ríkisútgjöldum með tilliti til stórfamkvæmda. „Það er sérstaklega brýnt að skattalækkunum, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið á næstu árum, verði mætt með samsvarandi niðurskurðum ríkisútgjalda.“ Benti hann á ýmsa möguleika á niðurskurðum og sagði að niðurskurðurinn þyrfti ekki endilega að beinast að velferðarkerfinu eða menntamálanum. Fleiri leiðir væru færar, til dæmis aðhald hjá hinu opinbera í ríkisframkvæmdum og að ígrunda vel hvernær skattalækkunum yrði komið

á og kynna þær með góðum fyrirvara. „Ef skattalækkunir eru tilkynntar með góðum fyrirvara nær hagkerfið og efnahagsstjórnin að aðlaga sig og búa sig mun betur undir neikvæðu áhrifin af slíkri lækkun.“ Tryggvi benti einnig á möguleika á niðurskurðum í utanríkisþjónustu og í framlögum til atvinnuvega í viðtali við Morgunblaðið 10. september 2004. Í Fréttablaðinu 17. júní 2006 taldi hann að meðal framkvæmda sem ætti að fresta væru hátækni- sjúkrahús, Sundabraut og mismislag gatnamót í Reykjavík. „Svo þarf að skipuleggja hvernig framkvæmdir koma inn aftur þannig að þær setji ekki efnahagslífið úr skorðum.“

„Ég tel að ríkið verði að koma mjög sterkt að samningum og draga eins mikið úr ríkisútgjöldum og mögulegt er. Það er ljóst að Seðlabankinn ræður tæpast við þetta einn,“ hafði Fréttablaðið eftir Tryggva 14. september 2005.

Í Fréttablaðinu 15. apríl 2006 hvatti Tryggvi íslenska ríkið til að draga úr útgjöldum og almenning til að halda að sér höndum í neyslu og borga frekar upp skuldir sínar. „Þetta eru samt eins og heilræði til fermingarbarna. Það fara fæstir eftir þessu nema þeim sé stillt upp við vegg.“

Hagstjórn

„Ég tel að athuga ætti vel kosti þess að reka hér fjármálastefnu sem byggðist á að ríkisútgjöld yxu sem nemur langtímahagvexti og að ef vikið yrði frá þeirri reglu þá þyrfti framkvæmdavaldið að útskýra fyrir Alþingi og almenningi hvers vegna það væri gert, svipað og Seðlabankinn þarf nú að útskýra frávik frá verðbólgu markmiði sínu. Þetta myndi hafa sveiflujafnandi áhrif og styðja peningamálastefnuna mun betur en nú er. Jafnframt myndi reglan leiða til aukins gagnsæis og aga í ríkisfjármálum.“
Morgunblaðið, 24. nóvember 2001.

„Aðilar vinnurmarkaðarins og fjármála fyrirtækin verða að sýna ábyrgð í nýfengnu frelsi og láta af þeim pilsfaldakapítalismu sem enn ein-kennir Ísland. Það þýðir ekkert að hlaupa til og biðja hið opinbera um hjálp þegar eitthvað bjátar á, menn verða að líta sér nær. Hlutverk hins opinbera er að setja sanngjarnar leikreglur og skapa öryggisnet fyrir þá einstaklinga sem fara út af sporinu af einhverjum ástæðum en ekki að hjálpa einstökum fyrirtækjum vegna vanhugsaðra ákvarðana stjórnenda þeirra.“
Morgunblaðið, 5. júní 2002.

„Ef ætlunin er að lækka skatta er nauðsynlegt að skera niður ríkisútgjöld að minnsta kosti sem skattalækkunum nemur. Að öðrum kosti er hætt við ofþenslu í hagkerfinu.“
Fréttablaðið, 12. ágúst 2005.

„Ef ríkisstjórnin og Seðlabankinn koma með trúverðuga áætlun varðandi hagstjórn og hvernig verðbólgu verði náð niður ætti verkalyðshreyfingin að sitja hjá og ekki gera kröfur um launa-hækkanir við endurskoðun á kjarasamningum.“
Fréttablaðið, 14. september 2005.

„Það þarf að léttja á hagkerfinu 44 milljörðum með einhverjum hætti á þessu ári. Fleiri leiðir eru færar en niðurskurður á framkvæmdum. Við gætum líka hækkað skatta eða frestað skattalækkunum. Ekki vænleg leið að hækka aftur skatta á fyrirtækin. Alls ekki, frekar á einstaklingana.“
Fréttablaðið, 17. júní 2006.

Seðlabankinn

„Seðlabanki gæti því byggt upp gjalddeyrissvarasjóð og breytt krónu í dollara. Þá gæti ríkið rekið ríkissjóð með myndarlegum afgangi með því að skera niður útgjöld.“
Morgunblaðið, 22. ágúst 2002.



„Ég held að algjörlega sé ljóst að ríkisstjórnin verður að koma fram með trúverðugt útskil núna til að ná tökum á verðbólgunni. Þó svo að peningamálastefna Seðlabankans slái á þróunina með hækkuð vaxta tekur það svo langan tíma að virka að meira þarf til að koma. Því tel ég óumflýjanlegt að gera eitthvað í skattamálum og reyna að draga saman útgjöldin.“
Fréttablaðið, 14. júní 2006.

Peningar nútímans

Björn Þór Arnarson
skrifar



500 EVRA SEDILL 500 evrur er stærsti peningasedill sem gefinn er út á evrusvæðinu.



100 DALIR Seðlabanki Bandaríkjanna gaf út 10.000 dala sedil en útgáfunni var hætt um miðja síðustu öld.



100 MILLJARÐA SEDILL Seðlabanki Simbabwe gaf nýverið út 100 milljarða Simbabwe dala sedil. Þótt á honum sé tala með ellefu núllum jafngildir sedillinn einungis um 440 krónum.

Við núverandi efnahagsstæður þar sem verðbólga mælist sú mesta í 18 ár veltir maður fyrir sér hvort peningasedlar Seðlabankans séu að verða úreltir. Tölf mánaða verðbólga mælist nú 13,7 prósent og ef 5.000 krónur fyrir ári eru færðar til núvirðis þá hefur raunverulegt verðgildi sedilsins rýrnað um 600 krónur, 5.000 krónur fyrir ári jafngilda 4.400 krónum í dag.

Reglulega koma fregnir af útgáfu nýrra peningasedla í Simbabwe og nýjasta útgáfa bankans er 100 milljarða Simbabwe dala sedill. Sedillinn má sjá hér á vinstri hönd. Þó að það virðist vera há fjárhæð þá er hún einungis um 440 íslenskar krónur. Verðbólga mælist nú um 2,2 milljónir prósent í Simbabwe.

Frá því að fimm þúsund króna sedillinn var gefinn út 10. júní 1986 hefur verðgildi hans rýrnað umtalsvert. Ef 5.000 krónur í júní 1986 eru færðar til núvirðis fæst 22.121 króna. Ef Seðlabanki Íslands ætlaði að halda raunverðgildi verðmætasta sedils síns hins sama þyrfti því ef til vill að gefa út 20.000 og 50.000 króna sedil.

Það er spurning hvort Seðlabanki Íslands telur rétt að gefa út nýja sedla þar sem kort eru notuð í auknum mæli í stað peningasedla. Markaðurinn ákvað að taka smá forskot á sæluna og velta fyrir sér hvernig þessir sedlar gætu litið út. Ákveðið var að hafa 20.000 króna sedil með mynd af Davíð Oddssyni og 50.000 króna sedil með Vigdís Finnbogadóttur. Hægt er að sjá sedlana hér á hægri hönd.

Ef verðgildi verðmætasta sedils í helstu löndum heims eru borin saman við Ísland kemur í ljós að flesta þjóðir eiga sedil sem er verðmeiri en fimm þúsund kallinn íslenski. Í töflu hér að neðan má sjá að á evrusvæðinu er hægt að fá 500 evra sedil sem jafngildir um 65 þúsund krónum eða 1.000 franka sedil sem er enn verðmætari og jafngildir um 77 þúsund krónum. Seðlabanki Bandaríkjanna gefur í dag einungis út 100 dala sedil en gaman er að geta þess að um miðja síðustu öld voru gefnir út 1.000, 5.000 og 10.000 dala sedlar. Ákveðið var að hætta útgáfunni þar sem seðlarnir voru litið notaðir.



50.000 KRÓNA SEDILL Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti lýðræðislega kjörni kvenforsetinn í heiminum, er ekki ólíklegur kostur þegar velja á persónu til að prýða peningasedil.



20.000 KRÓNA SEDILL Hugsanlega megum við búast við því að sjá 20.000 króna sedil í framtíðinni. Davíð Oddsson seðlabankastjóri prýðir framhliðina á þessum sedli.

Land	Fjárhæð í innlendum gjaldmiðli	Fjárhæð í ísl. krónum
Sviss	1.000 svissneskir frankar	77.000 krónur
Evrópusambandið	500 evrur	65.000 krónur
Noregur	1.000 norskar krónur	17.000 krónur
Danmörk	1.000 danskar krónur	16.000 krónur
Svíþjóð	1.000 sænskar krónur	13.500 krónur
Bretland	50 sterlingspund	8.000 krónur
Bandaríkin	1.000 Bandaríkjadalir	8.000 krónur
Kanada	100 Kanadadalir	8.000 krónur
Ástralía	1.000 dalir	7.800 krónur
Japan	10.000 japönsk jen	7.800 krónur
Nýja-Sjáland	100 nýsjálskir dalir	6.100 krónur
Ísland	5.000 krónur	5.000 krónur
Simbabwe	100.000.000.000 Simbabwe dalir	440 krónur



1.000 FRANKAR 1.000 svissneskir frankar jafngilda um 77.000 þúsund krónum

Hafa reynst sannspáir um verðbólgu

Tímaritið Vísbending er tuttugu og fimm ára um þessar mundir. Af þessu tilefni ræddi *Magnús Sveinn Helgason* við Benedikt Jóhannesson, forstjóra útgáfufélagsins Heims og ritstjóra Vísbendingar, um sögu blaðsins og efnistöð.

Í tilefni af tuttugu og fimm ára afmælinu stendur mikið til hjá tímaritinu Vísbendingu. Í vikunni kemur út sérstakt afmælissrit þar sem farið er yfir efni blaðsins frá upphafi og tínd til eftirminnileg ummæli um ástand og framtíðarhorfur efnahagsmála. Benedikt Jóhannesson segir að það sé líka búið að semja við Landsbókasafnið um að eldri árgangar Vísbendingar séu aðgengilegir á timarit.is. „Það er hægt að fletta blöðunum og þar er líka orðaleit. Ég veit að sumar greinar hafa verið notaðar mjög mikið. Þetta getur verið mikilvæg söguleg heimild og gagnleg fyrir aðra sem eru að skoða íslenskt efnahagslíf.“

Saga Vísbendingar er samofin sögu íslensks fjármálalífs. „Það hefur alltaf verið skýrt í Vísbendingu að við erum hluti af stærri heild, að íslenska hagkerfið er ekkert ónæmt fyrir hagfræðilögum,“ segir Benedikt.

Vísbending var gefin út af Kaupþingi allt til ársins 1993. „Vísbending varð í upphafi eitt af aðalatriðinum í rekstri Kaupþings. Í ágúst 1983 var frétt í Morgunblaðinu þar sem sagt er að Kaupþing sé ráðgjafarfyrtækja í erlendum viðskiptum og gefi út tímaritið Vísbendingu, sem var þá bara hálf mánaðar gamalt. Þá var litið svo á að þetta tvennt væri meginstarfsemi Kaupþings. Það er svolítið gaman miðað við hvernig Kaupþing hefur þróast síðan þá.“

Benedikt segir mikið vatn hafa runnið til sjávar síðan Vísbending hóf göngu sína: „Það voru auðvitað engin viðskiptablöð. Það var helst Frjáls verslun sem var að fjalla um viðskipti og efnahagsmál og það var nú enginn sérstakur viðskiptaáhugi í samfélaginu. En síðan þá eru komin viðskiptablöð og viðskiptasiður í öllum blöðunum, þannig að áhuginn er óneitanlega miklu meiri á þessu, en framboðið líka, þannig að við þurfum að halda okkur meira við fræðilegri umræðu.“

HÖFÐAR TIL STJÓRNENDA OG SÉRFRÆÐINGA

„Vísbending hefur alltaf verið rit sem höfðar mjög til stjórnmála og sérfræðinga. Upplagið er ekkert mjög stórt, en hins vegar eru langflestir af forstjórum stærstu fyrirtækjanna áskrifendur, mjög margir pólitíkusar, ráðherrar og forstöðumenn stofnana. [...] Þegar maður sér viðtöl við stjórnmálur fyrirtækja í sjónvarpinu sjást oft Vísbendingarmöppurnar uppi



BENEDIKT JÓHANNESSON Benedikt segir um áratug vera liðinn síðan kostir evru fyrir íslenskt efnahagslíf voru fyrst tíundaðir í Vísbendingu. Í þessari viku kemur út sérstök afmælissúgáfa efnahagslífsins.

í hillu í bakgrunni. Þannig að maður sér hvar blaðið er lesið. Að minnsta kosti keypt, og vonandi lesið!“

Nokkrar áherslubreytingar hafa orðið í tuttugu og fimm ára sögu Vísbendingar, en blaðið hefur að mestu haldið sömu mynd síðan það kom fyrst út. Blaðið, sem kemur út vikulega, er fjórar síður sem setur efnistöðum ákvæðnar skordur. Benedikt segir að þótt blaðið forðist allt „sérfræðingatal“ sé markmið blaðsins að fjalla á dýpri og fræðilegri hátt um þau mál sem helst eru á döfnum í efnahags- og viðskiptalífi þjóðarinnar. Þrátt fyrir lítið upplag hefur því verið tekið eftir Vísbendingu og oft vitnað til greina í blaðinu. „Ég hugsa að í gegnum tíðina hafi allir helstu hagfræðingar landsins skrifað eitthvað í blaðið, að minnsta kosti þeir sem eru af yngri kynslóðinni, og við höfum reynt að hafa viðtöl við þá sem eru eldri.“

ÁBYGGILEGSTU VERÐBÓLGUSPÁRNAR

„Lengi vel voru ýmiss konar spár um ýmislegt efni, eins og verðbólgu, sérstaklega meðan hún var mikil, eins og hún er að verða aftur núna, og við vorum til 1997 alltaf með verðbólguþátt. Framan

af vorum við með ákveðið líkan, en svo var það nú þannig að okkur fannst það ekki eiga nógu vel við og við fórum bara að spá eins og spákonur, nánast að horfa í kristalskúlur.“

Ég hef nú ekki upplýst um þetta fyrr og ég vil nú ekki segja að spár okkar hafi verið óvísindalegar, en þær byggðust ekki á nákvæmu efnahagslegu líkani, heldur innsæi ritstjórnar.

Það kom svo í ljós þegar Fjármálatíðindi gerðu úttekt á þessu að þá reyndust spár Vísbendingar nákvæmastar. Já, já, við vorum nokkuð ánægðir með okkur,“ bætir Benedikt við hlæjandi.

FJALLAR UM ÞAD SEM ER EFST Á BAUGI

„Við reynum að fjalla um eitthvað sem tengist umræðunni og ég held að virk umræða um ýmislegt í efnahagslífinu hafi fyrst komið fram í Vísbendingu. Sem dæmi má nefna að virk umræða um efnahagsleg áhrif kvótakerfisins hófst í Vísbendingu 1986 til 1987, nokkru fyrr en hún fór af stað í Þjóðfélaginu. Menn áttuðu sig í raun ekki á hverjar voru efnahagslegar afleiðingar kvótakerfisins, að við takmörkun veiða skapaðist nýtt verðmæti í kvótaeinum.“

Í Vísbendingu skrifaði Þorvaldur Gylfason og margir fleiri hins vegar um þetta.“

Benedikt nefnir umræðuna um evru sem annað dæmi. „Það tala margir um að nú sé verið að tala um evruna vegna yfirstandandi efnahagsferðileika, en fyrsta greinin sem ég fann um evruna í Vísbendingu er frá 1998, hún er sem sagt tíu ára gömul. Þar er mælt með evrunni og kostir hennar taldir upp.“

ÁKVEÐIN ÍHALDSSEMI

Rauði þráðurinn í ritstjórn blaðsins hefur alla tíð verið frelsi í viðskiptum, að frjáls viðskipti séu hagkvæm og að draga eigi úr afskiptum ríkisins af viðskiptum. „En það er oft hætt á því að þegar kemur kreppa, eins og núna er kannski í uppsiglingu að menn fari útaf sporinu og vilji alls konar innngrip ríkisins af ýmsu tagi. En þar sé ég nú ákveðnar hættur, sem ég reikna með að við munum benda á.“ Benedikt segir skiljanlegt að menn spyrji sig hvort núverandi vandi sé til kominn vegna einkavæðingarinnar: „Ég held þó ekki að svo sé, en kannski hafa menn farið býsna hratt. Það er annað sem oft hefur komið fram í Vísbendingu, ákveðin íhaldssemi, að menn fari ekki alltof geyst. [...] Það getur virst svolítið hallærislegt þegar það kemur upp einhver netbóla, eða útrásarbóla en svo þegar aldan fer frá sést hverjir eru berrassaðir. Þá eru þetta aftur orðin gömlu göðu gildin sem gilda, sem giltu bara alltaf.“

SPÁÐ FYRIR UM FRAMTÍÐINA

Þá er í Vísbendingu gjarnan spáð í efnahagsframvindu. „Við höfum til dæmis farið yfir þetta með verðmæti á hlutabréfum, Hlutabréfavisitalan núna, ef maður tekur langtímapróun, þá er hún heldur lægri en maður hefði búst við ef það hefði bara verið jöfn og þétt hækkun. Gengisvísitalan núna, er líka of há, ef maður horfir á það í sögulegu samhengi, ég held að vísitalan ætti að settlast í kringum 140-145 miðað við eðlilegt ástand. Hins vegar er þetta ekki bara kreppa á Íslandi, þetta er kreppa í öllum heiminum. Og þá koma inn aðrir faktorar sem hafa áhrif um sinn, en eins og ástandið er núna, þá er krónan of veik tel ég í sögulegu samhengi. Sama með húsnæðisverð. Við reynum að benda á þetta aftur og aftur, að tugprósentahækkun getur ekki staðist til lengdar. Alveg sama hvort það er á húsnæðisverði eða hlutabréfaverði.“

DAGUR Í LÍFI ...

Guðmundar Karls Guðmundssonar, forstöðumanns hjá MP fjárfestingabanka

6.30 Vakna og renni út í Kór – H10 líkamsræktarstöð sem er í um 3 mínútna fjarlægð frá heimili mínu. Fer í gegnum ferlið að klæða mig og fyrstu 5 mínúturnar á hlaupabrettinu ennþá með hálflokuð augun. „Verðlauna“ mig eftir góða æfingu með einum prótín-shake.

7.45 Kem við heima hjá mér og hleypi Mæju, konunni minni, í vinnuna. Hún sá um að taka á móti börnunum (Írisi Maríu og Guðjóni Aroni) úr rúminu en þar sem þau eru í sumarfrí er frekar lífó morgunstemning á heimilinu þennan morguninn.

8.00 Fæ mér sterkt og gott kaffi og les í gegnum Morgunblaðið og geri mig kláran fyrir daginn. Aðstæður í fjármálaheiminum kölluðu á annan kaffibolla en ég læt þennan eina duga í bili.

8.25 Legg af stað í vinnuna um leið og barnapían mætir á svæðið. Hennar biður viðburðaríkur dagur við að hafa ofan af fyrir krökkunum sem nýta sumarfríð sitt ekki í að slappa af eins við fulloröna fólkið myndum kjósa.

8.45 Mættur í vinnuna og fer strax á morgunfund í bankanum. Á hverjum morgni hittast starfsmenn og fara yfir það helsta sem gerst hafði daginn áður og leggja á ráðin fyrir komandi dag.

9.30 Sestur inn í miðlunarherbergi og fer yfir tölvupóstinn. Markaðir víða komnir vel af stað og nú hefst hinn hefðbundni dagur í miðluninni þar sem við leggjum á ráðin með okkar viðskiptavinum. Mikið er að gerast á verðbréfamörkuðum víða um heiminn svo að mörgu er að hyggja.

12.00 Óli Bjarki er búinn að plana ferð á Pítuna í næsta húsi. Ég næ að koma mér undan þeirri ferð og fer þess í stað inn í mótuneyti og fæ mér gufusóðinn fisk og grænmeti.

12.30 Forstöðumannafundur. Hér hittast forstöðumenn í bankanum undir forystu Styrms framkvæmdastjóra og fara yfir stöðu einstakra deilda. Niðurstaða fundarins var ánægjuleg.

14.30 Fundur með viðskiptavini.

17.00 Komið að hinu vikulega golfi með félögum mínum Ásgeiri Baldurs og Ívari Sigurjóns. „Business as usual“ þar; vann mér inn tvær rauðvínsflöskur í þetta skiptið og enn og aftur fer Ívar í burtu með bronsverðlaunin í farteskínu.

19.30 Kem heim. Konan mín búin að undirbúa ljómandi fína máltíð með „hjálp“ barnanna. Sitjum saman fjölskyldan úti á svölum og njótum veðursins á meðan við borðum góðan mat.

20.30 Tek að mér að koma börnunum í ró. Eftir að búíð er að bursta tennur og þvo sér kem ég þessu verkefni reyndar snilldarlega yfir á Pétur Pan sem er vinsæli gaurinn þessa dagana hjá krökkunum.

22.00 Krakkarnir greinilega að taka sumarfríð alla leið og enn í fullu fjöri. Þeim er skutlað inn í rúm og eru sofnuð innan tíu mínútna.

22.30 Setið fyrir framan sjónvarpið og þvotturinn brotinn saman. Þreytan eftir daginn farin að segja til sín.

23.30 Dríf mig í rúmið og er sofnaður áður en langt um líður ...



GUÐMUNDUR fer yfir verkefni dagsins með samstarfsfélaga sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



LANGÁ Á MÝRUM er í 10. sæti listans yfir dýrustu ár landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dýrustu ár landsins

Guðný Helga Herbertsdóttir
skrifar

Ekkert lát hefur verið á sölu veiðileyfa þrátt fyrir slæm tíðindi úr efnahagslífinu undanfarið. Veiðileyfissalar segja ástæðuna fyrir því vera að flest veiðileyfin voru seld á síðasta ári áður en að fóru að kreppa að. „Ég reikna ekki með samdrættinum fyrr en á næsta ári. Maður finnur samt greinilega að það eru færri sem biða á kantinum eftir veiðileyfi núna en í fyrra“ segir Haraldur Eiríksson, markaðsstjóri Stangveiðifélags Reykjavíkur. Hann segir jafnframt að nú sé að nást jafnvægi á framboði og eftirspurn en undanfarin ár hafi markaðurinn einkennst af umfræftirspurn og verið mikill seljendamarkaður. Þröstur Elliðason hjá Streng og Stefán Sigurðsson


DÝRUSTU ÁRNAR

Listinn miðast við verð á stöng. Ekki er tekið tillit til hversu margar stangir eru í umferð, aðstöðu, gistingar eða matar. Miðast verðið eingöngu við uppgæfið verð hjá veiðisölum.

1.	Laxá á Ásum – 250.000 kr.
2.	Hofsá – 230.000 kr.*
3.	Haffjarðará – 200.000 kr.
4.	Pverá/Kjarrá – 180.000 kr.
5.	Selá í Vopnafirði – 170.000 kr.
6.	Víðidalsá – 160.000 kr.
7.	Miðfjarðará – 160.000 kr.
8.	Norðurá – 155.000 kr.
9.	Grímsá – 150.000 kr.
10.	Langá á Mýrum – 149.000 kr.

* Þetta verð kom fram í samtali við veiðimann sem nýlega hefur veitt í Hofsá, en Stangveiðifélag Hofsár vildi ekki staðfesta það.

hjá Laxá segjast hafa fundið fyrir að lægð hafi komið í markaðinn rétt eftir áramót. „Það er hins vegar að veiðast svo rosalega vel núna að við erum að ná að selja upp veiðileyfin sem við áttum eftir,“ segir Stefán. Haraldur gerir ráð fyrir að minnkandi innlendra eftirspurn verði mætt með erlendum viðskiptum. „Það er einkar hagkvæmt fyrir útlendinga að veiða á Íslandi núna, dýrustu vikuveiðileyfin fyrir útlendinga hafa lækkað um 25 prósent vegna veikingu íslensku krón-



LAXÁ Í KJÓS Stöngin í Laxá í Kjós kostar 148.000 kr. Áin er í 11. sæti yfir dýrustu ár landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unnar.“ Aðspurður hvort minnkandi eftirspurn verði mögulega mætt með verðlækkunum á næsta ári segir Haraldur: „Svigrúm okkar er í raun ekkert. Allir samningar eru vísitölutryggðir. Ég geri ráð fyrir að okkar verð verði það sama á næsta ári.“

FRÍSTUNDIN

Hinn hljóði heimur

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, stundar svifflug yfir sumarið og hefur gert það undanfarin 30 ár.

„Það hefur oft verið hent gaman að því að ég hafi alltof mörg áhugamál og má til sanns vegar færa. Lífið er bara svo skemmtilegt,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

Svifflug nýtur forgangs hjá Steinþóri yfir sumarið og hefur gert þau 30 ár sem hann hefur stundað það.

„Íslenskt sumar býður hins vegar ekki upp á marga góða daga til langflugs. En í sumar hef ég náð að fljúga tvö virkilega góð flug sem eru þau lengstu í hitaupstreymi hér á landi. Annað 370 km langt og hitt 437 km. Á Íslandsmótinu í byrjun júlí kom hins vegar ungur svifflugmaður, Daniel Stefánsson, og rassskellti mig rækilega og vann verðskuldað og setti mig í annað sæti,“ segir Steinþór.

Steinþór segir að veðrið í sumar hafi verið frábært til útlegu og sundferða en minna til flugs. „Það gerðist að flugin enduðu á títinum bænda hér og þar sem var mjög gagnlegt til að kynna sér það nýjasta í heyskpartækni,“ segir hann og hlær.

Hann segir að svifflugsvertíðin standi frá byr-

jun má til loka október. Svifflug er að sögn Steinþórs ódýrt sem flugsport og kostar heldur minna en golf að honum sýnist. „Það er því ekki kostnaðurinn sem stoppar ef menn hafa áhuga á annað borð,“ segir hann.

Eftirminnlegasta atvik Steinþórs í flugi varð fyrir allnokkrum árum er hann fyrir asnaskap magalenti í óbyggðum á Mosfellsheiði og gekk frá því óskaddaður og vélin heil. „Það voru a.m.k. tveir englar sem héldu undir vængina hjá mér í þeirri lendingu,“ segir Steinþór.

Spurður um önnur áhugamál segist Steinþór lesa heilmikið af bókum um andleg og innri mál og segist duglegur að rækta sinn innri mann. „Margt af þessu hefur mjög hagnýt not í hinum harða heimi viðskiptanna,“ segir hann.

Auk þess segir Steinþór það mjög gefandi að spila „old boys“-fótbolta með Stjörnunni og byggja aðra upp með því að leyfa þeim að vinna. „Markmið sumarsins er verdukt -að vera ekki sá lélegasti í hópnum,“ segir hann að lokum.



SVIFIÐ UM HÁLOFTIN Lent í lok keppnisdags á Hellu.

AÐSENDMYND/EGGERT NORDDAL



Öll mörkin í Landsbankadeildinni

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is



BANKHÓLFID

Byr vantar á markaðinn

Um allan skeið hafa, þrátt fyrir frávisan stjórnar, verið uppi töluverðar vangaveltur um stöðu Byrs sparisjóðs og hvort búast megi við því að hann renni saman við Glitni að lokinni skráningu á markað. For-dæmi SPRON, sem er við það að sameinast Kaupþingi, hefur blásið þessum vangaveltum byr undir báða vængi. Aðrar sam-líkingar hafa svo þvælst meira fyrir, svo sem vangaveltur um hvort standist nýlegt verðmat Capacent á sjóðnum, en brennd-um fjárfestum er í fersku minni 60 milljarða mat fyrirtækisins á verðmæti SPRON.

Hitt er svo annað mál að eftir fækkun fyrirtækja í Kauphöll-inni á þessu ári myndu menn þar á bæ örugglega fagna því að fá Byr, jafnvel þótt stoppið yrði ekki nema stutt.

Er örygginu ábótavant?

Stundum kemur upp í umræð-um um tollamál að hér þurfi að halda verndartollum á inn-flutt matvæli til að tryggja mat-vælaöryggi. Ekki er alltaf ljóst við hvað er átt. Matvælaöryggi er nefnilega hug-tak úr matvæla-iðnaði, þar sem gætt er að rekj-anleika vörunn-ar og að smit kom-ist ekki í framleiðslu-ferlið. Fæðuöryggi er svo notað í umræðum um hvort nægilegt framboð sé af mat. Með slík-um rökum mætti líka gefa sér að hér þyrfti að tryggja fram-leiðslu á öllum fatnaði og jafnvel farartækjum og vinnuvélum.



Skjálftavaktin í bönkunum

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, sló á léttu strengi og kvað víðar skjálfta en úti fyrir Grímsey um leið og hann á af- komukynningu bankans í gær brá upp línu- og stöplariiti yfir þróun hlutabréfaverðs og magn viðskipta allt frá ársbyrjun 2003 til dagsins í dag. Enda hárrétt hjá honum að í fljótu bragði mætti ætla að myndin væri útskrift jarðskjálftamælis.

Líkast til liggur nærri að segja að starfsmenn í bönkunum séu á skjálftavaktinni og jafnvel í því að meta hvernig bregðast skuli við tjóni að sveiflum loknum, hvort ráðist verði í fjárhagslega endurskipulagningu hjá einhver- jum viðskiptavinum, eða aðrar leiðir farnar.



0,94%

hækkun varð á vísitölu neysluverðs í júlí. Síðastliðið ár hefur vísitalan hækkað um 13,6 prósent.

72

kaupsamningar voru gerðir á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. Þetta er yfir meðalveltu síðustu tólf vikna.

0,7%

Gengissig krónunnar og erlendar verð- hækkanir eru valdar af hækkunum á innfluttum vörum um 0,7 prósent. Innlendar vörur hækka þó meira eða um 1,8 prósent.

N O R D I C A S P A



Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

Fjögurra vikna Lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Rannveig I. Marelsdóttir 48 ára
bókari hjá Mannviti
Markviss leiðsögn, íráðær aðstaða og mesta aðhald sem hægt er að fá. Hér eru engar öfgar á ferð. Farið er vel ofan í mataræðið á skynsaman hátt og bætt við skemmtilegri hreyfingu – útkoman er aukinn orka, úthald og vellíðan í daglegu lífi. Getum mælt með þessu námskeiði við hvern sem er – 100% árangur.



Styrmir Þór Bragason 37 ára
forstjóri MP Fjárfestingarbanka
Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið og besta aðhald sem ég hef fengið og það er það sem skiptir öllu máli þegar maður er að koma sér í form með breyttu mataræði og meiri hreyfingu. Ég var farinn að hlakka til að komast á æfingar og ég fann að orkan jókst mikið á skömmum tíma sem skipir miklu máli í minni vinnu.



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðisins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- Tímar eru: 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eftt – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefst 11. ágúst

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsvík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS 